

Fundargerð

43. þings SÍB

Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja

Sem haldið var á Hótel Selfossi
dagana 16. – 18. apríl 2007

Efnisyfirlit

Mánudagur 16. apríl 2007	3
1. GESTAERINDI OG UMRÆÐUR.	3
2. ÞINGSETNING	4
3. KJÖRBRÉF LÖGÐ FRAM TIL SAMÞYKKTAR	4
4. KOSNING EMBÆTTISMANNA ÞINGSINS.....	6
5. SKÝRSLA STJÓRNAR SÍB OG REIKNINGAR 2003 – 2006.....	8
6. ÁVÖRP GESTA	16
Þriðjudagur 17. apríl 2007	16
7. KYNNING Á MÁLUM TIL ÞINGNEFNDA.	16
8. KYNNING Á UMRÆÐUM Í NEFNDUM	18
9. FRAMBJÓÐENDUR TIL NÆSTU STJÓRNAR SÍB	20
Miðvikudagur 18. apríl 2007	21
10. UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA NEFNDARÁLITA	21
11. KOSNING STJÓRNAR SÍB 2007 - 2010.....	36
12. ÖNNUR MÁL	37

Mánudagur 16. apríl 2007

1. GESTAERINDI OG UMRÆÐUR.

Friðbert Traustason formaður SÍB bauð gesti velkomna og kynnti fyrirlesara.

Fyrstur tók til máls Þórhallur Ólafsson sem kynnti niðurstöður Launakönnunar SÍB 2007.

Næst kom Edda Rós Karlsdóttir sem fór yfir stöðu efnahagsmála og talaði um alþjóðavæðinguna og stöðu íslensku bankanna.

Eftir erindin gafst fólki kostur á að leggja fram spurningar.

Spurt var hvort gerður væri greinarmunur á A og B töflunni í meðallaunum og miðgildum.

Þórhallur svaraði því til að það væri alveg sama í hvorri töflunni fólk væri það, hefði ekki áhrif á niðurstöðuna.

Friðbert svaraði því aukalega að það hlyti að hafa einhver áhrif þar sem það sýndi þá væntanlega skekka mynd, eða lægri tölu því þeir sem væru í A töflu væru ekki með orlofið og annað inn í.

Spurt var um hve mikil áhrif það hefði á íslensku bankanna og starfsmenn þeirra ef hörð lending yrði í hagkerfinu.

Edda svaraði því til að það yrði ekki svo slæmt þar sem eiginfjárstaða bankanna væri einkar góð í samræmi við þær kröfur sem gerðar væru til þeirra. Svo góð staða veldur því að starfsmenn þeirra njóta góðs en kannski yrðu einhverjar deildir verri úti en aðrar.

Spurt var hvort við værum örugglega að fá sem mest út úr þeim sprenglærðu starfsmönnum eins og væntingar eru um.

Edda svaraði því til að hún ætlaði rétt að vona það þar sem það hefði verið aukning úr 14% í 41% af háskólamenntuðu fólki í Landsbankanum og að það hljóti að skila í auknum og betri afköstum.

Eftir þessi erindi og spurningar var gert kaffihlé fram að þingsetningu.

2. ÞINGSETNING

Friðbert Traustason formaður SÍB setti þingið kl.16.45 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

3. KJÖRBRÉF LÖGÐ FRAM TIL SAMÞYKKTAR

Oddgeir Gunnarsson úr kjörbréfanefnd lagði fram kjörbréf til samþykktar eftir nafnakall þingfulltrúa. Kjörbréfin voru samþykkt án athugasemda. Þingið sátu alls 65 þingfulltrúar. Þingfulltrúar voru:

FSLÍ	Andrés Erlingsson
FSLÍ	Ásgeir Gíslason
FSLÍ	Berglind Pétursdóttir
FSLÍ	Brynhildur Klemensdóttir
FSLÍ	Eva Sigurðardóttir
FSLÍ	Guðmunda H. Guðmundsdóttir
FSLÍ	Helga Jónsdóttir
FSLÍ	Hildur Friðleifsdóttir
FSLÍ	Hjördís Ström
FSLÍ	Kristín Guðbjörnsdóttir
FSLÍ	Linda B. Halldórsdóttir
FSLÍ	Margrét Jónsdóttir
FSLÍ	Sigríður Friðgeirsdóttir
FSLÍ	Sigríður Ketilsdóttir
FSLÍ	Sigurbjörg Guðmundsdóttir
FSLÍ	Sigurjón Gunnarsson
FSLÍ	Þórunn K. Þorsteinsdóttir
Sf Byggðastofnunar	Halldór V. Kristjánsson
Sf Byrs	Atli Þór Sigurjónsson
Sf Byrs	Björg Geirsdóttir
Sf Glitnis	Anna Karen Hauksdóttir
Sf Glitnis	Árnína Kristín Dúadóttir
Sf Glitnis	Ásbjörg Guðný Jónsdóttir
Sf Glitnis	Brynjar Már Brynjólfsson
Sf Glitnis	Camilla Ósk Hákonardóttir
Sf Glitnis	Edda Þorsteinsdóttir
Sf Glitnis	Elísabet Hilmarsdóttir
Sf Glitnis	Ernir Ingason
Sf Glitnis	Helga Björg Bragadóttir
Sf Glitnis	Inga Guðný Hauksdóttir
Sf Glitnis	Oddur Sigurðsson
Sf Glitnis	Rósa María Guðnadóttir
Sf Glitnis	Sigrún Sverrisdóttir

Sf Icebank og SÍSP	Sigrún Jóhannsdóttir
Sf Lánasýslu	Ása Guðmundsdóttir
Sf Seðlabankans	Hallgrímur Ólafsson
Sf Seðlabankans	Oddgeir Gunnarsson
Sf Sp Hornafjarðar	Margrét Óskarsdóttir
Sf Sp Kef	Guðný S. Magnúsdóttir
Sf Sp Mýrasýslu	María Erla Geirsdóttir
Sf Sp Norðlendinga	Sigurbjörg Ýr Guðmundsdóttir
Sf Sp Siglufjarðar	Daníel Pétur Daníelsson
Sf Sp Svarfdæla og Ólafsfjarðar	Guðrún María Haraldsdóttir
Sf Sp Vestfirðinga	Birna Benediktsdóttir
Sf Sp Vestmannaeyja	Erla Gísladóttir
Sf SpK	Lilja Guðrún Sæþórsdóttir
Sf SPRON	Anna Björnsdóttir
Sf SPRON	Hjördís Björnsdóttir
Sf SPRON	Lára Árnadóttir
Sf Teris (Tölvumiðstöð sparisjóðanna)	Margrét Helgadóttir
Sf VISA	Oddný Árnadóttir
Sólon FSKB	Aðalbjörg A. Guðmundsdóttir
Sólon FSKB	Einar G. Pálsson
Sólon FSKB	Guðný Svanfríður Stefánsdóttir
Sólon FSKB	Guðrún Alda Harðardóttir
Sólon FSKB	Hafdís Hansdóttir
Sólon FSKB	Hafdís Ósk Sigurðardóttir
Sólon FSKB	Jónas Kristjánsson
Sólon FSKB	Margrét Ólafsdóttir
Sólon FSKB	Rósa Jennadóttir
Sólon FSKB	Sigrún Gílsdóttir
Sólon FSKB	Sigurlaug Friðriksdóttir
Sólon FSKB	Sylvía Guðmundsdóttir
SRB	Jón Kr Sveinsson
SRB	Kjartan Sigurgeirsson

Stjórn SÍB:

Formaður:	Friðbert Traustason	SÍB
1. Varaform.	Helga Jónsdóttir	FSLÍ
2. Varaform.	Gréta Kjartansdóttir	SF. Spron
Gjaldkeri	Björn Tryggvason	Sólon FSKB
Ritari	Anna Karen Hauksdóttir	SÍ
Meðstjórnendur:	Heiðrún Hauksdóttir	Sf.SPH
	Oddgeir Gunnarsson	SFS
Varastjórn:	Þorvaldur Egilsson	FSLÍ
	Linda Björk Halldórsdóttir	FSLÍ
	Guðrún Ólöf Sigmundsdóttir	Sf. Visa

Erlendir gestir:

NFU	Henrik Frimand-Meier
NFU	Jan Erik Lidström
NFU	Ann Catrin Liðström
Finansforbundet Dk	Nils Möllerberg
Finansforbundet No	Liv Irene Haug
Finansforbundet No	Kjersti Elisabeth Aronsen

Íslenskir gestir:

Fv form SÍB	Hinrik Greipsson
Fv form SÍB	Anna Ívarsdóttir
Fv form SÍB og lögmaður SÍB	Sveinn Sveinsson
Þingkjörinn skoðunarmaður	Jón Ívarsson

Starfsmenn: Ármann Eydal Albertson, Sigurður Albert Ármannsson, Anna Finnbogadóttir og Friðbert Traustason.

4. KOSNING EMBÆTTISMANNA ÞINGSINS

Sigurjón Gunnarsson FSLÍ var kjörin þingforseti og til vara Helga Björg Bragadóttir Sf Glitnis.

Þingritarar voru kjörnir: Klara Ísfeld Árnadóttir Sf Glitnis og Andrés Erlingsson FSLÍ. Vararitarar: Þorvaldur Egilsson SÍB og Guðrún Ó Sigmundsdóttir Sf Visa.

Kosning í fastanefndir þingsins:

Uppstillinganefnd

Helga Jónsdóttir, formaður
Gréta Kjartansdóttir
Helga B Bragadóttir
Oddgeir Gunnarsson
Jónas Kristjánsson

Kjörbréfanefnd

Heiðrún Hauksdóttir, formaður
Þorvaldur Egilsson

Laganefnd

Friðbert Traustason, formaður
Helga Jónsdóttir
Kjartan Sigurgeirsson
Anna Karen Hauksdóttir
Gréta Kjartansdóttir
Friðbert Traustason

Fjárhagsnefnd

Björn Tryggvason, formaður
Sigríður Friðgeirsdóttir
Pórunn K. Þorsteinsdóttir
Guðný Magnúsdóttir
Oddur Sigurðsson
Kjartan Sigurgeirsson

Allsherjarnefnd:

Anna Karen Hauksdóttir, formaður
Hallgrímur Ólafsson
Klara Ísfeld Árnadóttir
Daníel P. Daníelsson
María E. Geirsdóttir
Birna Benediktsdóttir
Lára Árnadóttir
Heiðrún Hauksdóttir
Ásgeir Gíslason
Guðmunda H. Guðmundsdóttir
Hildur Friðleifsdóttir
Sylvía Guðmundsdóttir
Rósa Jennadóttir
Einar G. Pálsson
Þorvaldur Egilsson
Halldór V. Kristjánsson:
Brynjar Már Brynólfsson
Guðrún Ó Sigmundsdóttir
Guðný S Magnúsdóttir

Kjaranefnd:

Friðbert Traustason, formaður
Andrés Erlingsson
Eva Sigurðardóttir
Hjördís Ström
Margrét Jónsdóttir
Kristín Guðbjörnsdóttir
Sigrún Jóhannesdóttir
Sigurbjörg Ýr Guðmundsd
Anna K. Björnsdóttir
Erla Gísladóttir
Björg Geirsdóttir
Guðný Svanfríður
Margrét Ólafsdóttir
Sigurlaug Friðriksdóttir
Jón Kr Sveinsson

Rósa María Guðnadóttir
Elísabet Hilmarsdóttir
Edda Þorsteinsdóttir
Friðbert Traustason
Helga Björg Bragadóttir

Fræðslunefnd:

Gréta Kjartansdóttir, formaður
Berglind Pétursdóttir
Brynhildur Klemensdóttir
Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Hjördís Björnsdóttir
Atli Þór Sigurjónsson
Margrét Helgadóttir
Aðalbjörg A. Gunnarsdóttir
Hafdís Ósk Sigurðardóttir
Jónas Kristjánsson
Inga Guðný Hauksdóttir
Árnína Kristín Dúadóttir
Ásbjörg Guðný Jónsdóttir
Guðrún Ólöf Sigmundsdóttir, áheyrnarfulltúi
Hallgrímur Ólafsson

5. SKÝRSLA STJÓRNAR SÍB OG REIKNINGAR 2003 – 2006

Friðbert Traustason formaður flutti skýrslu stjórnar:

Kæru félagar, ég býð ykkur enn og aftur velkomin til starfa á 43. þingi SÍB. Það fylgir því mikil ábyrgð að sitja þing SÍB og móta stefnu stéttarfélagins í kjaramálum og réttindamálum fyrir félagsmenn SÍB næstu árin og jafnframt að kjósa þá forystumenn, sem framfylgja skulu þeirri stefnu, sem þingið ákveður. Þingið fer með æðsta vald félagsins og stjórn, samninganefnd og starfsmenn SÍB eiga fyrst og fremst að framfylgja þeim ákvörðunum og ályktunum, sem þing SÍB samþykkir hverju sinni.

Saga stéttarfélagins okkar er að mörgu leyti einstök meðal stéttarféлага. Félagið var stofnað af starfsmönnum Landsbanka og Útvegsbanka árið 1935 og síðan komu starfsmenn annarra banka, sparisjóða og þjónustustofnana í þeirra eigu, inn í stéttarfélagið eftir því sem árin liðu og fyrirtækin voru stofnuð. Það sem gerir stéttarfélagið einstakt er sú heillarþróun að allir starfsmenn viðkomandi fyrirtækja, aðrir en æðstu stjórnendur, eru félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi. Við tókum öll kjör okkar samkvæmt sama kjarasamningi óháð því hvaða starfi við gegnum og einnig óháð menntun okkar eða öðrum bakgrunni.

Þetta er merkileg niðurstaða þegar við skoðum samsetningu annarra stéttarféлага og þróun hjá starfsmönnum annarra fyrirtækja. Hjá flestum öðrum stórum fyrirtækjum eru starfsmenn í mörgum mismunandi stéttarfélögum, allt eftir bakgrunni þeirra, menntun og starfsvettvangi. Þannig er þetta til dæmis hjá því opinbera, bæði innan BSRB, BHM og Kennarasambandsins. Starfsmenn sömu fyrirtækja eru fyrst og fremst í stéttarfélagi í

samræmi við menntun. Hjá fyrirtækjum á almennum markaði getum við nefnt skipafélögin, flugfélögin og marga aðra aðila, þar sem starfsmenn eru í mörgum stéttarfélögum, fyrst og fremst raðað eftir menntun og starfsvettvangi.

En okkar forverum þarf gæfa til að sameina alla starfsmenn okkar fyrirtækja í eitt öflugt og samheldið stéttarfélag SÍB, óháð menntun og starfssviði einstakra starfsmanna. Þessi tilhögun er heillavænleg fyrir alla félagsmenn SÍB og ekki síður fyrir fjármálafyrirtækin, sem félagsmenn SÍB vinna hjá.

Öll umræðan um hagræðingu, sparnað og samþjöppun fjármálafyrirtækja, hvort sem hún er pólitísk eða fagleg, hefur reynt mjög á félagsmenn SÍB undanfarin 15 ár. Það er með öllu óásættanlegt ef starfsmenn eru hafðir að leiksoppum og starf þeirra og framtíð að engu metin þegar ákvarðanir eru teknar. Eigendur fyrirtækjanna mega ekki gleyma því að mannauðurinn er sú auðlind sem framtíð fyrirtækisins byggir á. Vel upplýstir starfsmenn sem finna að þeir eru metnir að verðleikum eru þyngdar sinnar virði í gulli.

Það verður aldrei logn á fjármálamarkaði og því verða félagsmenn SÍB alltaf að vera á tánum, fylgjast með hræringum og vera tilbúnir að aðlagast breytingum á starfi sínu. Störfin færast enn meira frá afgreiðslu yfir í þjónustu, ráðgjöf og ýmiss sérhæfð störf, þar sem kunna þarf skil á öllum þeim fjölmörgu “vörum”, sem nútíma fjármálafyrirtæki býður viðskiptavinum sínum. Störfin eru ekki bundin við Ísland, heldur eru mörg fjármálafyrirtæki, sem félagsmenn SÍB vinna hjá, komin með víðtækar og öflugar starfsstöðvar í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu.

Rekstur íslenskra fjármálafyrirtækja hefur gengið einstaklega vel á þessum árum, það er 2004 til 2007, og allt bendir til þess að áfram verði góður byr í seglin hjá öllum fyrirtækjum, sem félagsmenn SÍB vinna hjá. Methagnaður var hjá all flestum íslenskum fjármálafyrirtækjum á árinu 2006, og voru áður sett met árin 2004 og 2005 þar slegin. Þannig ættu fjármálafyrirtækin að vera vel í stakk búin til að bæta enn frekar kjör félagsmanna SÍB á næstu árum. Samstarf kjörinna fulltrúa SÍB og starfsmannafélaganna við stjórnendur fjármálafyrirtækjanna hefur gengið mjög vel og gagnkvæmur skilningur ríkir á milli aðila um réttindi og skyldur beggja.

Árið 2004 var KB banki stærsti banki landsins með um 1200 starfsmenn, þar af um 1000 hér á Íslandi. Á síðasta ári var nafni KB breytt í Kaupþing og núna, árið 2007, vinna um 2500 manns hjá Kaupþingi, þar um 1250 hér á Íslandi. Starfsstöðvar bankans eru í 10 löndum víða um heim. Landsbankinn er næst stærsti viðskiptabanki landsins með rúmlega 2000 starfsmenn, þar af 1400 á Íslandi. Hann er einnig með starfsstöðvar í 10 löndum víðs vegar um heiminn. Nafni Íslandsbanka var breytt í Glitnir árið 2006, en hjá bankanum vinna nú um 1600 manns, þar af um 1000 hér á landi, en utan Íslands er Glitnir öflugastur í Noregi. Glitnir seldi Sjóvá aftur árið 2006 og því er Sjóvá nú ekki hluti af samsteypu Glitnis.

Viðskiptabankarnir þrír hyggja allir á frekari útrás og eru það góðar fréttir fyrir starfsmenn þeirra, eigendur og þjófþar, því öflug íslensk fjármálafyrirtæki eru alger undirstaða öflugs og skilvirks hagkerfis á Íslandi. Enda er sú staða nú að rekstur og umfang íslenskra fjármálafyrirtækja eru orðin stærri hluti af þjóðarframleiðslu en allur íslenskur sjávarútvegur, og margfalt stærri en allar álbræðslurnar.

Sparisjóður Mýrasýslu hefur verið einna öflugastur sparisjóðanna í að kaupa rekstur annarra sparisjóða á landsbyggðinni, og á m.a. Sparisjóðinn á Siglufirði. Sparisjóðirnir á

Vestfjörðum, aðrir en Sparisjóður Bolvíkinga, voru sameinaðir undir merkjum Sparisjóðs Vestfirðinga á tímabilinu. Þá voru Sparisjóður vélstjóra og Sparisjóður Hafnarfjarðar sameinaðir undir merkjum Sparisjóðsins Byrs nú í upphafi árs 2007. Líklegt er að enn frekari sameiningar verði á milli sparisjóða, eða sparisjóða og einhvers viðskiptabankanna á komandi árum.

Hræringum í heimi fjármála er örugglega ekki lokið, en mikið er skrafað um næstu skref, án þess þó að ákvarðanir hafi verið teknar svo vitað sé. Hér er því rétt að ítreka sömu áminningu og var í síðustu skýrslu stjórnar SÍB árið 2004:

Hlutverk kjörinna fulltrúa SÍB er nú eins og endra nær að standa vörð um réttindi, kjör og atvinnuöryggi félagsmanna SÍB með öllum tiltækum ráðum. Starfsmenn eiga ekki að vera leiksoppar eða fórnarlömb í valdabaráttu eigenda fyrirtækjanna. Við höfum átt því láni að fagna að gagnkvæmt traust og virðing ríkir milli stjórnenda og félagsmanna SÍB og það er verkefni allra kjörinna fulltrúa stéttarfélagssins SÍB að tryggja að svo verði enn um alla framtíð. Þannig náum við best að tryggja áframhaldandi góð störf hjá öflugum, vel reknum og framsæknum fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum í eigu þeirra.

Kjarasamningar

Mikil vinna beið nýkjörinnar stjórnar SÍB að loknu 42. þingi SÍB, sem haldið var á Selfossi 26. – 28. apríl 2004. Þrír stórir aðilar að kjarasamningum félagsmanna SÍB, það er Íslandsbanki, KB banki og sparisjóðirnir, höfðu þá sagt upp “Samkomulagi um kjarasamninga félagsmanna SÍB”. Þetta samkomulag hafði gilt frá árinu 1977 og var grunnur að sameiginlegum kjarasamningum fyrir alla félagsmenn SÍB. Samkomulagið var byggt á lögum, nr. 34/1977 er giltu fyrir starfsmenn banka í eigu ríkisins og því var tímabært að endurskoða það, þar sem einungis einn banki var eftir í eigu ríkisins, það er Seðlabanki Íslands. Í dag falla kjarasamningar SÍB undir lög nr. 80/1938, “lög um stéttarfélög og vinnudeilur”. Öll stéttarfélög á almennum vinnumarkaði hafa gert samkomulag við sína viðsemjendur um forgangsréttar ákvæði þeirra félagsmanna til vinnu hjá viðsemjendum hvers stéttarfélags. Það var því verkefni nýrrar stjórnar SÍB árið 2004 að kalla viðsemjendur SÍB, það er stjórnendur fjármálafyrirtækja á Íslandi, að samningaborði til að gera samkomulag um áframhald samningagerðar milli þessara aðila. Tilvera og samningsréttur SÍB byggði á að vel væri vandað til þessa verks og að félagsmönnum SÍB væri tryggður forgangur til starfa hjá öllum fjármálafyrirtækjum, sem undirrituðu þetta nýja samkomulag. Mikilvægast var, fyrir báða samningsaðila, ekki síður fjármálafyrirtækin, að tryggja að allir starfsmenn fyrirtækjanna tilheyrðu sama stéttarfélaginu, SÍB, og taki laun og öll önnur kjör samkvæmt sömu kjarasamningum. Einungis þannig var tryggt áfram gott samstarf og samkennd milli allra starfsmanna og fyrirtækjanna til ókominna ára.

Vinna við þessa samningagerð hófst strax í byrjun maí 2004 og áttu stjórnarmenn SÍB nokkra árangursríka fundi með samninganefnd bankanna, sem í sitja stjórnendur íslenskra fjármálafyrirtækja. Það var einlægur vilji allra sem að þessum málum komu að tryggja áframhaldandi stöðu SÍB, enda hefur samvinna fjármálafyrirtækjanna, starfsmanna þeirra og SÍB verið með miklum ágætum í tugi ára. Fundir voru haldnir í upphafi sumars, en vegna sumarfría þá var gert hlé á störfum viðræðunefnda frá júlí og fram í lok september.

Þann 14. október var skrifað undir nýtt samkomulag um gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn SÍB, og er það birt í heild í skrifaðri skýrslu stjórnar SÍB. Helstu atriði þessa samkomulags eru:

Að Samkomulagið gildir um gerð kjarasamninga um laun og önnur starfskjör milli samningsaðila á starfsstöðvum bankanna á Íslandi og tekur til allra félagsmanna Sambands íslenskra bankamanna, sem eru ráðnir til lengri eða skemmri tíma í þjónustu þeirra fyrirtækja er hafa undirritað samkomulagið.

Að bankarnir skuldbinda sig til þess að láta félagsmenn í Sambandi íslenskra bankamanna (SÍB) hafa forgangsrétt við ráðningu til bankamannastarfa sem kjarasamningur aðila tekur til.

Að um forsvar aðila í kjarasamningum og afgreiðslu samninga fer samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

Að samkomulagið ásamt meðfylgjandi skýringum og neðanmálgreinum gildir í fimm ár frá undirskriftardegi og er að þeim tíma liðnum uppsegjanlegt með sex mánaða fyrirvara. Samkomulagið gildir þannig fram yfir gerð næstu kjarasamninga, sem gerðir verða á haustdögum 2008. En mikilvægt er að stjórn og samninganefnd SÍB, ásamt formönnum aðildarfélaganna SÍB, nái að framlengja þetta samkomulag til að minnsta kosti 5 ára eða fram til 2014. Um gerð kjarasamninga og aðildar að stéttarfélagi má aldrei ríkja óvissa, því þá geta öll kjör félagsmann SÍB verið í uppnámi, eins og gerðist m.a. hjá starfsmönnum Pósts og síma þegar því fyrirtæki var formbreytt árið 1995.

Þegar samningsaðilar höfðu undirritað þetta samkomulag þá var sest að gerð kjarasamninga.

Samningaviðræður drógust síðan nokkuð fram eftir vetri, en þann 8. desember var skrifað undir nýjan kjarasamning, sem gildi frá 1. október 2004 til 30. september 2008.

Fyrsta launahækkunin var 5,25% hækkun allra launa, sem var afturvirk frá 1. október 2004. Þann 1. janúar 2005 hækkuðu laun allra í launaflokki 163 og neðar um einn launaflokk, sem jafngildi 3,4% launahækkun fyrir þá 2500 félagsmenn SÍB, sem lægri launin höfðu. 1. janúar 2006 hækkuðu öll laun um 3,75%, þann 1. janúar 2007 um 3,65% og þann 1. janúar 2008 hækka öll laun um 2,25%.

Í kjarasamningunum voru ákvæði um svokölluð “rauð strik”, sem tryggðu upptöku launaliðar kjarasamningsins ef verðbólga færi verulega yfir þau mörk, sem Seðlabankinn taldi ásætlanleg, eða 2,5 – 3,5%. Verðbólgan fór því miður yfir þessi mörk bæði viðmiðunarárin, það er 2005 og 2006. Fyrir árið 2005 náðust samningar um að greiða kr. 26.000 eingreiðslu og hækka umsamdar hækkunir á launatöxtum um 0,65% fyrir 1. janúar 2007. Fyrir árið 2006 var verðbólgan hins vegar á hraðskriði, þannig að launabætur urðu enn veigameiri og hærri hjá flestum. Þannig náðust samningar um að hækka alla launataxta í launatöflu SÍB um kr. 15.000 frá og með 1. júlí 2006. Hækkunin var tekin sem eingreiðsla fyrir árið 2006, með $15.000 \times 7 = 105.000$ kr. til allra í fullu starfi og hlutfallslega fyrir þá er gengdu hlutastarfi. Allir taxtar í launatöflu SÍB voru síðan hækkaðir 1. janúar 2007.

Þeir sem ekki voru með laun innan launatöflu SÍB fengu 1,7% hækkun heildarlauna frá 1. júlí 2006, greitt á sama hátt og hjá þeim sem taka laun samkvæmt launatöflunni.

Þessi aðgerð hækkaði laun þeirra lægri launuðu verulega, og nokkuð umfram hækkun þeirra sem hærri launin taka.

Hér eru nokkur dæmi um launahækkunir á tímabilinu 1.10.2004 – 1.1.2007.

Starfsmaður í launaflokki 132 með 17% álagi var 1.09.04 með kr. 181.875, en er 1.2.07 í launaflokki 133 með kr. 229.374.

Hækkunin er 26,10%

Starfsmaður í launaflokki 152 með 17% álagi var 1.9.04 með kr. 220.346 en er 1.2.07 í launaflokki 153 með kr. 274.352.

Hækkunin er: 24,50%

Starfsmaður í launaflokki 163 með 17% álagi var 1.9.04 með kr. 250.634 en er nú í launaflokki 171 með kr. 309.843.

Hækkunin er: 23,62%.

Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 13,75% frá 1.9.2004 til 1.2.2007, þannig að kjarasamningarnir hafa gefið þessum aðilum 10 – 12% hækkun raunlauna á þessu tímabili.

15.000 krónu hækkun taxtalauna hefur að sjálfsögðu minni áhrif eftir því sem launin eru hærri, en það er hægt að fullyrða að allir félagsmenn SÍB hafi fengið nokkra hækkun raunlauna á tímabilinu 1.9.04 til og með 1.2.2007, þrátt fyrir hræðilegt verðbólguþot á árinu 2006, en þá hækkaði neysluvísitala um 7,5%.

Í kjarasamningunum í desember 2004 voru nokkur önnur merk atriði, en það mikilvægasta var að nú er flest öllu félagsmönnum tryggð full laun í fæðingarorlofi, og einnig að félagsmenn SÍB fá öll kjaratengd réttindi tryggð að fullu í fæðingarorlofi, þar með talið orlof og veikindarétt.

Enn fær mikill hluti félagsmanna SÍB laun sín greidd beint eftir launatöflu SÍB, eða með fastri tengingu við launin í launatöflunni, þá með föstum fjölda yfirvinnutíma eða fastri prósentu á töflulaunin. Fleiri og fleiri taka laun sín samkvæmt launatöflu B. Því er enn brýnt verkefni samninganefndar að bæta enn frekar ofan á launatöfluna nýjum launaflokkum, og skera á sama tíma neðan af töflunni þá launaflokka sem ekkert eða mjög lítið eru notaðir við greiðslu launa. Einungis með því að sýna raunverulega greidd grunnlaun allra, er hægt að gera réttan samanburð og réttlátar launakröfur, ekki síst hjá þeim félagsmönnum er lægri launin hafa.

Stefna samninganefndar SÍB á að vera að útrýma flokkum neðan við launaflokk 131 og stefna að því að lágmarkslaun félagsmanna hækki í kr. 250.000 á næsta samningstímabili. Launaleynd er tæki til að halda niðri launum og því hefur stjórn SÍB ítrekað það að engin samningur sé milli samningsaðila um að setja orðið “trúnaðarmál” á launaseðla. Hins vegar er samningur milli aðila um að orðið “einkamál” má setja á launaseðilinn, en síðan er það ákvörðun hvers félagsmanns hvort hann segir frá sínum einkamálum, launum í þessu tilfalli. Það er staðreynd að launaleynd er tæki til að mismuna fólki í launum, án frambærilegra skýringa. Þeir sem vilja hafa launaleynd og predika hana sem nauðsynlegt tæki fyrir launagreiðendur til að "verðlauna góða starfsmenn" eru ekki starfi sínu vaxnir,

Því þeir treysta sér ekki til að standa frammi fyrir sínum starfsmönnum og skýra ástæður þess að einn er hærra launaður en annar.

Því meira sem launin eru sýnileg og launastefna gegnsæ því meiri verður samheldni, samkennd og samhugur starfsmanna innan sama fyrirtækis til að gera fyrirtækið enn öflugra og framsæknara á öllum sviðum.

Lífeyrismál

Flest öllum lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði hefur nú verið breytt frá því að vera stigastjóðir yfir í aldurstengda sjóði. Í stigastjóðum ávann félagsmaður sér ákveðna prósentu af launum, sama hvort iðgjaldið var greitt þegar félagsmaður í sjóðnum var 25 ára eða þegar hann var 60 ára gamall. Þannig voru lífeyrisréttindi ekki háð því hve lengi iðgjaldið var í ávöxtun hjá sjóðnum. Þetta fyrirkomulag hafði í för með sér ýmiss vandamál, sérstaklega nú seinni árin þegar almennur kaupmáttur hefur vaxið mjög og þannig sett kvaðir á lífeyrissjóðina, sem þeir geta ekki staðið undir til langs tíma. Til þess að loka fyrir þann vanda sem steðjaði að sjóðunum með óbreytt stigakerfi var ákveðið að breyta almennu sjóðunum yfir í aldurstengt kerfi, sem að jafnaði gefur sömu réttindi eftir 40 ára innngreiðslu, eins og stigakerfið gaf. Félagsmenn eldri en 30 ára, sem voru í stigakerfinu halda áfram í stigakerfinu með verðtryggt laun eins og þau voru í árslok 2003, en allur kaupmáttur þeirra, það eru launahækkarnir umfram verðbólgu, fer í aldurstengda kerfið. Allir yngri en 30 ára og að sjálfsögðu allir nýir á vinnumarkaði fara beint inn í aldurstengt kerfi.

Aldurstengda kerfið byggir á því að innlögð iðgjöld gefa mismunandi réttindi eftir því hve ávöxtunartími þeirra í sjóðnum er langur. Þannig getur 10.000 króna iðgjald gefið réttindi uppá 2500 krónur hjá 25 ára einstakling, á meðan sama upphæð iðgjalds gefur 1000 króna réttindi hjá 60 ára gömlum einstaklingi. Að baki réttindunum liggur réttinda tafla, sem tryggingafræðingar hafa útfært og yfirfara reglulega, með tilliti til ávöxtunar og annarra þátta í rekstri viðkomandi sjóðs.

En það voru fleiri atriði en mikil aukning kaupmáttar sem settu strik í reikninginn hjá lífeyrissjóðunum. Byrði vegna örorkulífeyris vex með ári hverju og eins er meðalævi alltaf að lengjast, eins gleðilegt og það er. En hvort tveggja setur meiri kröfur á sjóðina og því sáu félög innan ASÍ þá einu lausn að hækka iðgjald til lífeyrissjóðanna úr 10 í 12% í síðustu kjarasamningum. Þessi hækkun er nú að fullu komin til framkvæmda hjá félögum ASÍ, og einnig komið inní landslög um “starfsemi lífeyrissjóða” frá 1997.

Eina stéttarfélagið sem ekki hefur samið um þessa 2% hækkun í samtryggingarsjóð er SÍB, en samkvæmt lögunum hefur SÍB tímann fram að gildistöku næstu kjarasamninga, árið 2008, til að semja sig að landslögum. Samninganefnd SÍB tók þá ákvörðun í samningunum 2004 að taka þessi 2%, sem aðrir vörðu til samtryggingar hjá lífeyrissjóðum sínum, út sem launahækkun á samningstímanum, enda er megin hluti félagsmanna SÍB, sem fær 7% framlag fyrirtækis í séreignarsjóð eftir þriggja ára starf, með mikið betri lífeyrisréttindi en þekkjast hjá félögum innan ASÍ. En þetta verkefni bíður nú nýrrar stjórnar og samninganefndar SÍB.

Lokaorð

Starf félagsmanna SÍB í íslenskum fjármálafyrirtækjum er skemmtilegt, fjölbreytt og gefandi en um leið erfitt, krefjandi og stundum vanþakklátt. Það er lenska hér á landi

að setja út á og tala illa um einstaklinga og fyrirtæki, sem græða peninga. Fjármálafyrirtækin hafa vissulega hagnast vel á undanförunum árum og því er þjóðarsálin, með stjórnámálamenn og fjölmiðla fremsta í flokki, tilbúin að berja á þessum fyrirtækjum, eigendum þeirra og starfsmönnum. Það eru starfsmennirnir, félagsmenn SÍB, sem eru andlit fyrirtækjanna og þeir þurfa oft að ósekju að sitja undir skömmum og rangfærslum þeirra viðskiptavina, sem trúa orðum stjórn mála- og fjölmiðlamanna. Auðvitað verða fjármálafyrirtækin að skoða alla þætti í rekstrinum vel og gæta þess vel að hagnast ekki á óeðlilegan hátt á gjöldum og vaxtamun. En skammirnir um mikla og óeðlilega gjaldtöku fjármálafyrirtækjanna, sem tröllriðu umræðunni í upphafi þessa árs voru flestar byggðar á rangfærslum, misskilningi eða vísvitandi blekkingum. Menn átu upp rangar staðhæfingar hver eftir öðrum og að endingu trúðu upphafsmennirnir sjálfir því að þeir færu með staðreyndir. Staðreyndin er hins vegar sú að gjaldtaka og vaxtamunur sem íslensk fjármálafyrirtæki taka af viðskiptavinum sínum hér á landi er mjög í takt við sambærilega gjaldtöku fjármálafyrirtækja í nágrenni löndum okkar, sérstaklega á hinum Norðurlöndunum. Það sem fyrst og fremst þarf að skoða hér er stimpilgjaldið, sem ríkið tekur til sín, og uppgreiðslugjaldið sem bankarnir taka. Þessi gjaldtaka er ekki í samræmi við það sem viðgengst almennt í Evrópu.

Vextir hér á landi eru himin háir vegna þess að stýrivöxtum Seðlabanka Íslands er haldið háum til að reyna að sporna við eyðslu, viðskiptahalla og verðbólgu. Þessir vextir verða ekki lækkaðir meðan allt er á útopnu og þenslan á viðskipta- og vinnumarkaði jafn gengdarlaus og nú er. Háir stýrivextir eru einfaldlega afleiðing af óráðsú, bæði hjá einstaklingum en ekki síður hjá ríkisvaldi og bæjarfélögum. Þegar þessari óráðsú lýkur þá fara stýrivextir aftur niður á eðlilegt stig og vaxtaþíningu einstaklinga og fyrirtækja lýkur.

Nú ríkir samkeppni á öllum sviðum og félagsmenn finna fyrir auknum kröfum sem gerðar eru til þeirra á flestum sviðum. Fjármálaheimurinn kallar á aukna sérhæfingu og enn meiri menntun, ekki bara í fjármálaþjónustu heldur einnig stjórnun, skipulagi og framtíðarsýn, bæði heimila og fyrirtækja. Þessa menntunarþætti er ekki hægt að uppfylla með því einu að ráða inn nýtt starfsfólk heldur verða fyrirtækin í samvinnu við starfsmenn sína og stéttarfélagið að setja endurmenntun og símenntun í öndvegi, því einungis þeir sem það gera munu spjara sig í samkeppninni innan lands og utan.

Ekki má gleyma mikilvægi þess að styrkja og styðja undirstöðurnar, meðal annars það afl sem felst í sterku og framsæknu stéttarfélagi. Öll réttindamál íslenskra verkamanna eru tilkomin fyrir sameinaða baráttu félagsmanna verkalyðsfélaganna, ekkert þeirra þótti sjálfsagt eða var sett í lög fyrr en eftir áralanga baráttu stéttarfélaganna. Þetta á við sumarleyfi, tryggingar, fæðingarorlof, lífeyrisgreiðslur, veikindarétt, styrktarsjóði, mótuneyti, sumarhús og margt margt fleira. Þessi réttindi þarf stöðugt að verja, því öll eru þau hluti af heildarkjörum okkar og metin sem slík þegar kjaraviðræður eru í gangi.

Starfsmenn sem gera fastlaunasamninga verða að gæta þess vandlega að semja ekki af sér ýmiss réttindi og einblína bara á útgreidd laun augnabliksins. Það veit engin sína ævi og því er öllum nauðsynlegt að eigan sterkan bakhjarl, sem er fólgin í öflugum stéttarfélagi, SÍB, og öllum þeim réttindum sem kjarasamningi fylgja. Kjarasamningar eru lágmarks kjör og þeir verða að gilda um alla. Þetta á ekki bara við um útlendinga á byggingamarkaði heldur allar vinnandi stéttir á íslenskum vinnumarkaði.

Það er ástæða til að sporna fast gegn tilhneigingu í þá veru að menn semji af sér umsamin kjör í svokölluðum einstaklings samningum, því kjarasamningurinn er, eins og áður segir, lágmarkskjör og niður fyrir þau kjör má ekki fara.

Í lok kjörtímabilsins vill stjórn SÍB þakka öllum félagsmönnum, aðildarfélögum samtakanna, stjórnnum þeirra, trúnaðarmönnum, starfsnefndum, svo og starfsmönnum aðildarfélaganna og SÍB ánægjulegt og gefandi samstarf .

Stjórn SÍB óskar þingfulltrúum til hamingju að vera kosnir sem fulltrúar starfsmanna til að móta stefnu SÍB til næstu þriggja ára. Við vonum að þingið verði bæði viðburðaríkt og árangursríkt og að niðurstöður þess verði öllum félagsmönnum til heilla í nánustu framtíð.

Takk fyrir.

SAMÞYKKT REIKNINGA 2003 – 2006

Björn Tryggvason gjaldkeri SÍB lagði fram til samþykktar endurskoðaða reikninga fyrir 2003 - 2006.

Fyrirspurn kom frá Oddi Sigurðssyni í Sf Glitni; „Hvað eru mörg prósent af bankastarfsmönnum eru SÍB sem eru ekki bankastarfsmenn s.s. mötuneyti og ræsting?“

Friðbert svaraði því til að það eru einhverjir þeirra í SÍB en ekki allir. Það hefur orðið aukning á. Hann taldi upp svo almennt úr bankageiranum hversu margir væru í aðild SÍB. Það væru langflestir en þó mismunandi hátt hlutfall eftir bönkum. Það hafa verið send bréf til nýju bankanna til að kynna SÍB s.s. Askar Capital, Saga Capital og Milestone.

Friðbert tók svo spurninguna áfram og fór út í að tala um sérstöðu SÍB og mikilvægi þess að sem flestir séu inni.

Sigríður Jóhannesdóttir í sf Icebank og SÍSP tók til máls. Ræddi hún afstöðu ungs fólks til SÍB sem væri neikvætt og taldi sig ekki þurfa að vera í því og hvort félagið ætlaði að auglýsa sig betur því VR væri orðið sýnilegra og “vinsælla”.

Friðbert velti því upp hvort við ættum að auglýsa okkur út á við eða meira inná við.

Skýrsla stjórnar og reikningar voru borin til atkvæða saman af þingforseta og samþykkt samhljóða.

Þingforseti kynnti erlenda gesti og bauð hann þau hjartanlega velkomin.

6. ÁVÖRP GESTA

Henrik Frimand- Meier varaformaður NFU tók til máls. Hann sagði að við værum smá en öflug og þau horfðu mikið til okkar starfsemi sem væri til fyrirmyndar. Okkar félag sé mjög mikilvæg fyrir NFU til að efla góða samvinnu Norðurlanda í takt við alþjóðavæðinguna. Störf NFU hefur líka áhrif á Ísland. Fyrir hönd NFU óskaði hann stéttarfélaginu góðs vaxtar og velgengni í framtíðinni.

Varaþingforseti tilkynnti hagnýt atriði varðandi þinggögn, fyrirkomulag þings og dagskrá.

Uppstillt var fyrir myndatökur að tilstuðlan Helgu Bjargar Bragadóttur.

Þingforseti tilkynnti þinghlé kl: 18:00 til 08:30 næsta morgun.

Þriðjudagur 17. apríl 2007

7. KYNNING Á MÁLUM TIL ÞINGNEFNDA.

Laganefnd:

Friðbert Traustason kynnti tillögur laganefndar. Tilkynnt um breytingar á orðalagi og nafnabreyting (SÍB), en engar stórar innihaldsbreytingar þess utan.

Björn Tryggvason kynnti tillögur á breytingum varðandi vinnudeilusjóð.

Tilvísanir í þetta efni er undir “Lög Sambands íslenskra bankamanna”, hér eftir nefnt “Samþykktir SÍB”.

Uppstillingarnefnd:

Helga Jónsdóttir kynnti tillögu uppstillingarnefndar og ýmis hagnýt atriði.

Fræðslunefnd:

Gréta Kjartansdóttir kynnti tillögur fræðslunefndar.

Í upphafi kynnti hún hver störf fræðslunefndar var innan SÍB.

Umræður voru innan nefndarinnar að jafnvel fjölga útgáfu SÍB blaðsins og efla enn frekar dreifileiðir. Einnig skapa skarpari áherslur í samþykktum sjóðsins, tillaga var um hækkun tekna sjóðsins úr að minnsta kosti 11 milljónir í 25 milljónir á ári. Ítarlegri úthlutunarreglur í menntunarsjóði voru kynntar og að áfram verði greitt 50% af námskostnaði en hækkun verði á hámarksfjárhæð styrks úr 100 þús. í 150 þús. Þau töldu að það ætti að styrkja allt einingametið nám. Heimild verði að fá styrk úr sjóðnum eftir allt að 12 mán. launalaust leyfi.

Stjórn sjóðsins telur að þessar tillögur styðji við stefnumörkun SÍB og gildin “Fagþekking” og “Metnaður”.

Jafnræðisnefnd:

Linda Björk Halldórsdóttir kynnti tillögur jafnræðisnefndar.

Áhersla var lögð á að skoða launamuninn á milli kynjanna og vísað í nýjustu Launakönnun Gallup. Einnig að ríkistjórnin myndi veita vottun um jafnlaunastefnu sem er fylgt eftir innan fyrirtækja þeirra starfsmanna sem eiga aðild að SÍB.

Fjárhagsnefnd:

Björn Tryggvason kynnti tillögur fjárhagsnefndar.

Tillaga var gerð um að minnka framlagið til vinnudeilusjóðs úr 0,2% í 0,1% og SÍB fái mismuninn.

Allsherjarnefnd:

Anna Karen Hauksdóttir fór yfir stefnumótun sem hefur verið í vinnslu s.l. ár. Talaði um að það væri í raun bara byrjunarreitur. Það hefur verið gerð SVÓT greining og Ytri greining.

Ítrekaði að það þurfi að mæta þörfum félagsmanna sem hafa breyst mikið á undanförunum árum. Auknar kröfur yrðu gerðar sömuleiðis á félagsmenn.

Framhaldsvinna er að auka markaðssetningu, bæta kynningar, skerpa á boðmiðlun og auka samstarf við atvinnurekendur.

Kjaranefnd:

Friðbert Traustason kynnti tillögur kjaranefndar.

Fella niður A töflu og taka upp jafna töflu eins og B taflan væri. Einnig lagt til að breyta launaflokkaheitum þ.e.a.s. númeraröð. Draga úr starfsaldursálögum. Umræða um að færa þokubókunina “afmælisgreiðslur” í kjarasamning.

Heimilt verði að við hvern unnin yfirvinnutíma fái fólk val um 2 dagvinnutíma í frí á móti. Ítreka að greidd verði yfirvinna.

Skoða bónusgreiðslur og orlofsdaga, lækka 27 daga viðmiðunina, lækka lífaldur eða koma á starfsaldurstengingu.

Sigrún Jóhannsdóttir, Sf Icebank og SÍSP kom með innskot varðandi vetrarfrí.

Friðbert hélt áfram að kynna tillögur um veikinda- og tryggingakafnann í samningnum. Hugmyndir um samspil veikindarréttar, styrktarsjóðs og rétt til örorkubóta hjá lífeyrissjóðum. Einnig semja um hærri upphæðir í tryggingarhlutanum.

Hann ræddi um ráðningar og uppsagnir. Sagði að um 80% tilvika uppsagna eru vegna “samstarfsörðugleika”.

Iðgjöldin til lífeyrissjóðs, yrði að skoða þennan hluta vegna ákvæða í lögum um lífeyrissjóði.

Klara Ísfeld Árnadóttir sf Glitnir kom með fyrirspurn um hvort tillaga væri um að afnema viðmiðunarflokkka í launatöflu. Friðbert svaraði því til að það væri ekki búið að setja það fram sem formlega tillögu í kjaranefnd en að það yrði gott að taka umræðu um það innan nefndarinnar.

Í lokin fór hann yfir að kannski væri komin tími fyrir föst launasamtöl einu sinni á ári.

Þingforseti gaf orðið laust um drög nefnda og gaf kost á að tillögur yrðu settar fram.

Engir þingfulltrúar lögðu fram tillögur.

Þingforseti tilkynnti að þeim tillögum sem nú hefðu verið kynntar væri vísað áfram til vinnslu í nefndunum og að niðurstöður þeirra yrðu kynntar eftir hádegi. Einnig var kynnt hvar staðsetning nefndanna væri í húsinu.

Gert hlé á þingi vegna nefndarstarfa kl.10:00.

Þingforseti setti fundinn kl.13:30 að loknu matarhléi.

8. KYNNING Á UMRÆÐUM Í NEFNDUM

Allsherjarnefnd

Brynjar Már sagði frá fundi allsherjarnefndar. Hvetja stjórn SÍB að selja félagið til nýrra félagsmanna. Einróma álit að selja þetta fyrst og fremst til stjórnarformanna og stjórnenda ft. Byrja á þeim. Ræddum um gildi SÍB, þar voru skiptar skoðunar. Lög styrktarsjóðsins verða rædd áfram.

Fjárhagsnefnd

Björn Tryggvason sagði frá fundi fjárhagsnefndar og greindi frá því að nefndin hefði hug á að eyða meira en lagt væri til og myndi því bíða eftir að fræðslunefnd leggði fram tillögu í því máli. Rædd laun stjórnarmanna SÍB, hækki um 70%. Í dag fær formaður stjórnarinnar 40% af efsta launaflokki, 1. varaformaður fær 20%, 2. varaformaður fær 15%, gjaldkeri og ritari fá 5% og aðrir 2%. Lagt var til að formaður fengi 50%, 1. og 2. varaformaður fengi 25%, gjaldkeri og ritari fengju 15% og aðrir 10%. Lagt var til að stjórnarmönnum fækkaði um 2. Fjárframlög myndu hækka úr 6 í 10,5 milljónir í heildina.

Jafnræðisnefnd

Linda B. Halldórsdóttir sagði frá fundi jafnræðisnefndar. Stofnuð yrði sérstök jafnræðisnefnd innan SÍB. Tekið væri fyrir launamunur kynja og bankarnir hvattir til að

sækja um vottun ríkisstofnunar fyrir launajafnræði. Umræða um launamismun milli landssvæða. Ítreka enn frekar á að það sé ekki launaleynd, heldur séu laun einkamál.

Laganefnd

Helga Jónsdóttir sagði frá fundi laganefndar og niðurstaðan var sú að laganefnd breytti tveim liðum varðandi orðalag. Setja orðið “samþykktir” í stað “laga”, umræða fylgdi í kjölfarið af þessum orðabreytingum. Lagt var til að það standi “gildandi samkomulag” í stað dagsetningar síðstu samninga í 5. grein. Ef víkja ætti félagi úr SÍB þá yrði breytt úr því að í stað 5 af 7 þyrfti 6 af 9 stjórnarmenn að samþykkja það eða 2/3 hlutar stjórnar. Einnig kom fram að ekki væri vilji fyrir því innan nefndar um að breyta orðinu “formaður” vegna kynjamisréttis, geyma þetta til skoðunar seinna eða að taka út kynbundin orð.

Fræðslunefnd

Gréta Kjartansdóttir sagði frá fundi fræðslunefndar. Byrjað var að ræða um trúnaðarmannafræðsluna, hvernig hægt væri að virkja þá og brýna að þeir komi og sinni sínum skyldum. Nefndin er ánægð með stefnu SÍB að vera í samstarfi við skólayfirvöld. Sigurður Albert kom inná fund nefndarinnar og kynnti raunfærnismatið. Nýliðafræðsla var í umræðunni. Talað var um SÍB blaðið og útgáfu þess, hafa 2 - 4 blöð á ári, ekki hafa þetta niðurneglt heldur eftir þörfum. Heimasíða uppfærð og nýjar hugmyndir eins og blogg félagsmanna, sem er á umræðustigi.

Kjaranefnd

Friðbert Traustason sagði frá, nefndin væri stór og margt hefði verið rætt. Nefndin var tilbúin með nokkur atriði, fyrsta ályktunin var sú að beina þeim tilmælum til SÍB að samið yrði um eina launatöflu, lögð yrði áhersla á að setja inn orlofsuppbót og desemberuppbót. Einnig að beina því til stjórnar að hækkanir vegna starfsaldursálag verði færðar frammar.

Mikið var rætt um grein 1.6 kjarasamnings og beinir kjaranefnd þeim tilmælum að henni sé hent út. Einnig að lágmarkslaun félagsmanna verði 250 þúsund krónur.

Mikilvægt málefni var það að sú breyting hefði átt sér stað að bankamenn hafi vísað samningsumboði sínu til Samtaka Atvinnulífsins og beinir SÍB þeim tilmælum til bankanna að vera með sína eigin samninganefnd. Vísaði í hvað bankar á Norðurlöndum gera.

Einnig álitur nefndin að 27 daga orlof sé miðað við 30 ára lífaldur eða 5 ára starfsaldur og 30 daga orlof miðað við 40 ára lífaldur eða 10 ára starfsaldur.

Lagt var til að hafa samningsumboð um að skipta 1 yfirvinnutíma í 2 dagvinnutíma orlof.

Heiðrún Hauksdóttir sf Byr var með fyrirspurn um hvort meta bæri námseiningar til launa. Friðbert svaraði því að það hafi ekki verið rætt.

Oddný Árnadóttir sf VISA var með fyrirspurn um grein 1.6. Af hverju ætti að taka hana alveg út. Friðbert svaraði því til að það væri búið að reyna að taka þakið af, nýttir væru allir launaflokkar o.s.frv. Það væri fyrirstaða hjá bönkunum að samþykkja að nota alla flokkana. Með þessari breytingartillögu myndi þetta endurspeglar raunlaun samkvæmt nýjustu launakönnun Gallup. Greinin væri að hamla launahækkunum vegna þaks á flokkum og að það væru smurðar aukagreiðslur á flokka í staðinn. Nefndin taldi þetta orðið svo mikla vandræðagrein að það væri jafnvel betra að henda henni alfarið út.

Nokkur umræða varð um drög nefnda.

Þingforseti gerði hlé á þingfundi vegna nefndastarfa.

Þingforseti setti aftur þing kl.16.

9. FRAMBJÓÐENDUR TIL NÆSTU STJÓRNAR SÍB

Tveir höfðu tilkynnt framboð til formanns, Björn Tryggvason gjaldkeri fráfarandi stjórnar og Friðbert Traustason formaður fráfarandi stjórnar. Stigu þeir í pontu og kynntu sig og sín störf.

Anna Karen Hauksdóttir ritari fráfarandi stjórnar tilkynnti um framboð sitt til 1. varaformanns SÍB.

Linda Björk Halldórsdóttir varamaður í fráfarandi stjórn tilkynnti um framboð sitt til 2. varaformanns SÍB.

Aðrir frambjóðendur til stjórnar sem kynntu sig voru:

Andrés Erlingsson

Anna Kristín Björnsdóttir

Hafdís Hansdóttir

Heiðrún Hauksdóttir

Kjartan Sigurgeirsson

Oddur Sigurðsson

Sylvía Guðmundsdóttir

Kl.16:30 var fundi frestað til morguns, en starf í nefndum hélt áfram framundir kl. 19.00.

Miðvikudagur 18. apríl 2007

Sigurjón Gunnarsson þingforseti setti fund kl. 10.08 og bauð öllum góðan dag. Taka átti fyrir nefndarálitin og breytingar á tillögum/samþykktum.

10. UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA NEFNDARÁLITA .

Tillögur frá Laganefnd:

Helga Jónsdóttir kynnti tillögur frá nefndinni og fór yfir það sem búið var að leggja fram fyrir þingið. Frekari breytingar hafa verið gerðar frá því daginn áður og fór hún yfir þær. Lögin, styrktarsjóður og vinnudeilasjóður voru til endurskoðunar hjá nefndinni, og var fyrst farið í breytingar á “Lögum SÍB” í “Samþykktir SÍB”. Lögfræðingar hafi farið yfir þær og eftir þeirra ábendingu var settur inn nýr liður um að SÍB hefði yfirumsjón yfir sjóðum SÍB. Síðan var farið yfir hverja grein fyrir sig.

Formannafundur munu koma til með að samþykkja reikninga í stað þess að nú séu lagðir fram 3 ára reikningar fyrir þing SÍB. 26 gr. verði felld alveg út. Sú tillaga að fækka niður í 9 í stjórn hafi verið dregin til baka og í stað þess verði meðstjórnendur sem áður voru 4, fullgildir stjórnarmenn og verða því áfram 11 aðilar í stjórn SÍB enda geti þá aðilar frá öllum aðildarfélögum átt mann inni. 31. gr. yrði færð til 24 gr. Formannafundur verði haldnir tvisvar á ári en ekki sex sinnum eins og áður. Kaflinn “Lagabreytingar og lok” fengi heitið “Breytingar á samþykktum”.

Starfsreglur fyrir vinnudeilasjóð SÍB. Bætt er við 2 liðum í 2. gr. um styrki til norrænna bankamanna í vinnudeilu annarsvegar og stuðning við önnur íslensk stéttarfélög í vinnudeilu.

Starfsreglur styrktarsjóðs SÍB. Aðallega er um orðalagsbreytingar um að ræða.

Þingforseti opnaði fyrir umræður um þessar breytingar.

Heiðrún Hauksdóttir sf. Byr kom í pontu og talaði um 3. og 4 gr. Varðandi 3 gr. þar sem skilgreint væri hvaða fyrirtæki hefðu aðild að SÍB. Þar segði m.a. að þjónustustofnanir hafi aðild og hún spyr hvort að SÍB falli ekki undir það og hvort því mætti ekki taka út d-lið í gr. 4.

Varðandi 6. gr. Hún spurði hvort ekki mætti taka út allt sem tengdist einstaklingum.

Varðandi 14. gr. sagði hún mikilvægt væri að SÍB komi á fundi ef einhver vill ganga úr sambandinu til að fá að fylgjast með þeirri umræðu ef upp kemur.

Varðandi 15. gr. Hún sagði að þar væru um breytingar að ræða sem hefðu áhrif á gildi greinarinnar ef þær gengu í gegn. Því þurfi að fara yfir þær betur.

Varðandi 28. gr. Hún vildi að 2 eða 4 verði varamenn í stjórn ef að stjórnin verði 11 manna.

Einar Pálsson Sólon FSKB kom með þá ábendingu varðandi orðalag um að sambandið sjái um sjóði SÍB. Óþarfi væri að telja upp ákveðna sjóði heldur ætti að vera talað almennt um sjóði þannig að samþykktin verði ekki úreld ef t.d. nýr sjóður yrði stofnaður.

Friðbert kom í púlt og svaraði. Við værum að breyta SÍB úr því að vera félag félaga yfir í að vera félag einstaklinga. Hann væri sammála Einari um upptalningu sjóðanna. Varðandi athugasemdir Heiðrúnar um 4. gr. þá væri hann sammála henni að því leyti að hann vildi halda inni d. liðnum en fella út c. lið. Varðandi 6. gr. væri bara verið að tala um starfsemi félaga og veru þeirra í SÍB. Þær breytingar væru gerðar vegna þess að það yrðu einstaklingar sem segðu sig úr SÍB, ekki félög. Varðandi 14. gr. Það er ekki lengur þannig að félag segi sig úr, heldur einstaklingarnir.

Brynhildur Klemensdóttir FSLÍ kom með ábendingu um orðalag varðandi styrktarsjóð.

Ásgeir Gíslason FSLÍ kom með ábendingu um hlutdeildarskírteini, að ekki væri útlokað að sjóðurinn gæti fjárfest í hlutabréfum eða verðbréfum í framtíðinni.

Þingforseti gerði hlé kl. 11.00 svo laganefnd gæti rætt um breytingartillögur þær sem komnar voru fram.

Kl. 11.15 hófst þingfundur á ný. Þingforseti bar fyrst fram tillögur að breytingum á lögum SÍB.

Ákveðið var að taka 28. gr. sérstaklega fyrir áður en að allt plaggið yrði borið upp.

Borið var upp til atkvæða sú breyting á gr. 28 og gr. 7 þannig að í stað fjögurra varamanna í stjórn yrðu allir meðstjórnendur og að það þurfi 8 af 11 að vera samþykkir. Samþykkt með miklum meirihluta en einn sat hjá.

Síðan bar þingforseti upp allt plaggið til atkvæðagreiðslu. Allir voru samþykkir og því heita þetta nú “Samþykktir SÍB”. Samþykktirnar með áorðnum breytingum eru fylgiskjal 1. með fundargerð.

Þingforseti bar upp tillögur til breytinga á samþykktum um vinnudeilusjóð. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Samþykktir fyrir vinnudeilusjóð SÍB

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður SÍB og er eign þess. Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a) að styrkja félagsmenn SÍB ef til vinnudeilna kemur sem boðaðar hafa verið skv. 36. gr. samþykta SÍB.
- b) að styrkja norræna bankamenn í vinnudeilu samkvæmt samningi SÍB við norræn systursamtök þar um.
- c) að styðja önnur íslensk stéttarfélög í vinnudeilu.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn og skulu 2 þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SÍB:

Formaður og ritari, sem jafnframt gegnir stöðu varaformanns. Einnig skal kjósa varamann fyrir hvorn þeirra. Gjaldkeri SÍB skal jafnframt vera gjaldkeri sjóðsins.

Gjaldkeri SÍB kallar stjórnina saman eigi síðar en mánuði eftir sambandsþing.

4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga og geri þingi SÍB grein fyrir störfum sínum, sbr. þó 29. gr. samþykkt SÍB, en skv. henni fer stjórn sambandsins með æðsta vald í málefnum þess milli þinga. Sjóðurinn skal vera sjálfstæður og ávaxtaður sérstaklega og hafa sjálfstætt bókhald.

Skoðunarmenn SÍB yfirfara reikninga hans. Reikningar sjóðsins verði lagðir fram samhliða reikningum SÍB.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins eru núverandi eigur Kjaradeilusjóðs SÍB.

Stjórn sjóðsins skal kappkosta að varðveita raungildi sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxtað á þann hátt að a.m.k. 2/3 hlutar fjárins séu ávallt lausir til ráðstöfunar, svo sem í banka eða sparisjóði, í skuldabréfum með ábyrgð þessara aðila, í skuldabréfum ríkissjóðs og bankabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um ávöxtun sjóðsins og skulu þær skráðar í fundargerðarbók.

Sambandsþing ákveður fastar tekjur sjóðsins hverju sinni. Tekjur sjóðsins miðist við hlutfall af þeim félagsgjöldum er innheimtast til SÍB.

6. gr.

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum samkvæmt grein 2 a á hver félagsmaður SÍB sem greiðir félagsgjald og verður fyrir tekjumissi vegna vinnudeilu er SÍB er aðili að.

Stjórn sjóðsins skal setja nákvæmar reglur um úthlutun til félagsmanna og skulu þær skráðar í fundargerðarbók. Úthlutunarreglur skal ætíð endurskoða inna viku frá því að verkfall er boðað.

Halda skal sérstaka gerðabók yfir úthlutunarbeiðnir og -veitingar úr sjóðnum.

7. gr.

Verði vinnudeilusjóður SÍB lagður niður ráðstafar þing SÍB eignum hans.

8. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á þingi SÍB. Um breytingar á þeim gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum SÍB.

Samþykkt á 36. þingi SÍB 1989.

Endurskoðað á 43. þingi SÍB í apríl 2007.

Samþykktir styrktarsjóðs SÍB 2007

1. gr.

Nafn sjóðsins

1.1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður SÍB

1.2. Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli bóknar með kjarasamningi bankamanna sem undirritaður var 3. apríl 1997.

1.3. Sjóðurinn er eign SÍB Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Verkefni sjóðsins

2.1. Verkefni Styrktarsjóðs SÍB eru eftirfarandi:

2.1.1. Að greiða félagsmönnum SÍB dagpeninga eða veita þeim fjárhagsaðstoð með öðrum hætti verði þeir óvinnufærir vegna veikinda eða slysa, enda hafi launatekjur þeirra fallið niður.

2.1.2. Að greiða félagsmönnum SÍB dagpeninga eða veita þeim fjárhagsaðstoð með öðrum hætti vegna langvarandi veikinda maka og barna, enda hafi sjóðfélagi misst launatekjur vegna þeirra.

2.1.3. Að greiða félagsmönnum SÍB styrk vegna áfengismeðferðar, enda hafi launatekjur fallið niður.

2.1.4. Að greiða félagsmönnum SÍB styrk vegna sjúkraþjálfunar, sjúkranudds og meðferðar hjá kírópraktorum (hnykkjum).

2.1.5. Að greiða félagsmönnum SÍB styrk vegna krabbameinsskoðunar og hjartaskoðunar.

2.1.6. Að greiða félagsmönnum SÍB, sem þurfa á sérstökum hjálpartækjum að halda vegna sjúkdóms eða fötlunar til að geta sinnt starfi sínu, styrk til kaupa á slíkum tækjum.

2.1.7. Að greiða mökum eða börnum félagsmanna SÍB útfararstyrki vegna fráfalls félagsmanns.

2.1.8. Að greiða læknisvottorð sem nauðsynleg eru vegna umsókna úr Styrktarsjóði SÍB.

2.1.9. Að greiða félagsmönnum SÍB styrk vegna þátttöku í heilsueflingu.

2.2. Réttur til greiðslu úr sjóðnum fyrnist á sex mánuðum.

2.3. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um greiðslur úr sjóðnum. Í þeim skal m.a. kveðið á um hversu lengi greiðslur vari, hvort greiðslur hefjist að tilteknum tíma liðnum frá því að launagreiðslur féllu niður, hversu háar greiðslur séu í hverju einstöku tilviki og hvernig umsóknum um greiðslur úr sjóðnum skuli háttað. Greiðslur skv. lið 2.1.8. skulu þó nema að fullu þeim kostnaði sem þar um ræðir.

2.4. Reglur um greiðslur úr sjóðnum skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af fjárhagsstöðu sjóðsins. Hafi fjárhagsstaða sjóðsins rýrnað verulega að mati stjórnar hans skulu réttindi til greiðslu úr sjóðnum skert, en aukin hafi fjárhagsstaðan batnað verulega.

2.5. Sjóðnum er heimilt að kaupa váttryggingu er komi að einhverju eða ölu leyti í stað greisluskyldu sjóðsins skv. 1. mgr.

3. gr.

Réttur til styrkja

3.1. Rétt til styrkja úr sjóðnum eiga:

3.1.1. Fullgildir félagsmenn SÍB skv. lögum sambandsins.

- 3.1.2. Atvinnulausir félagsmenn SÍB sky. nánari ákvörðun stjórnar SÍB.
- 3.2. Þeir, sem greitt hefur verið fyrir í Styrktarsjóð SÍB í a.m.k. sex mánuði, eiga rétt á greiðslu í hlutfalli við vinnuframlag viðkomandi. Stytta má þennan tíma hafi umsækjandi áður verið fullgildur félagi í SÍB.
- 3.3. Styrkveitingar geta hafist frá þeim tíma er sammingsbundnum launagreiðslum lýkur. Nánar skal kveðið á um þetta í starfsreglum sjóðsins.
- 3.4. Umsóknum um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauðsynlegum vottorðum er tryggja réttmæti greiðslna.
- 3.5. Ef farsóttir geisa getur sjóðstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir dagpeninga ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

4. gr.

Stjórn og rekstur

- 4.1. Fulltrúar SÍB í stjórn sjóðsins skulu vera þrír og skulu tveir þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SÍB. Einnig skal kjósa varamann fyrir hvorn þeirra. Gjaldkeri SÍB skal jafnframt vera í stjórn sjóðsins og gjaldkeri hans. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum að öðru leyti. Gjaldkeri SÍB kallar nýkjörna stjórn saman eigi síðar en mánuði eftir sambandsþing.
- 4.2. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga.
- 4.3. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SÍB og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SÍB.
- 4.4. Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- 4.5. Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SÍB.

5. gr.

Tekjur og ávöxtun eigna

5.1. Tekjur sjóðsins eru:

- a) Sammingsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi bankamanna á hverjum tíma.
- b) Vaxtatekjur og aðrar fjármagnstekjur.

5.2. Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðurinn má eiga 25% hlut í húsnæði SÍB á móti SÍB. Sjóðnum er heimilt að eiga íbúð í Reykjavík. Íbúðin verði til afnota fyrir félagsmenn sem leita þurfa lækninga á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðnum er óheimilt að kaupa frekari fasteignir eða veita lán.

5.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

Ársreikningur og endurskoðun

6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum SÍB og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Hann skal lagður fram samhliða reikningum SÍB og jafnframt sendur samninganefnd bankanna.

7. gr.

Slit sjóðsins

7.1. Nú er SÍB lagt niður án þess að annað sameiginlegt félag bankamanna komi í þess

stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SÍB þegar það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr. 7.2. Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SÍB á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

Breytingar á reglugerðinni

8.1. Breytingar á reglugerð þessari öðlast ekki gildi nema þær hafi verið samþykktar á þingi SÍB. Um atkvæðagreiðslu um breytingar á reglugerðinni á þingi SÍB gilda sömu reglur og um lagabreytingar.

9. gr.

Nánari starfsreglur

9.1. Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. reglugerð þessari, sem samþykktar skulu af stjórn SÍB og formannafundi.

10. gr.

Gildistaka

10.1 Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á þingi SÍB 2001,
breytingar samþykktar á þingi SÍB 2004
og á þingi SÍB 16. – 18. apríl 2007.

Þingforseti bar upp tillögur til breytinga á reglum um styrktarsjóð. Anna Karen Hauksdóttir sf Glitnis bar upp tillögu frá allsherjarnefnd að í gr. 2.1.4. yrði felld út "...sem Tryggingastofnun tekur þátt í að greiða....". Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillögur frá Fræðslunefnd:

Gréta Kjartansdóttir kynnti tillögur frá nefndinni og fór yfir það sem búið var að leggja fram fyrir þingið. Um er að ræða 9 tillögur er varðar trúnaðarmenn, fræðslu og nám félaga, kynningu á SÍB og útgáfu SÍB blaðsins sem og heimasíðuna www.sib.is. Einnig bar hún upp breytingar á starfsreglum um menntunarsjóð.

2. Þingforseti opnaði fyrir umræðu.

Sigrún Jóhannesdóttir sf Icebank og SÍSP kom í pontu og setti spurningu við tillögu um að setja upp blogg. Hún hafði efasemdir um að ef félagar hafi ekki tíma til að lesa blað SÍB þá hafi þeir örugglega ekki tíma til að blogga. Einnig hvort ekki þyrfti að hnykkja á samskiptum SÍB við núverandi féлага ekki síður en við nýja t.d. með því að halda SÍB dag innan hvers fyrirtækis. Hvatti hún líka til að nefndir sendu yfirlit yfir helstu breytingar sem gerðar yrðu til allra félagsmanna til kynningar.

Heiðrún Hauksdóttir sf Byr sté í púlt og gerði athugasemd um 3 síðustu tillögu fræðslunefndar, að þar ætti að standa “þingi SÍB”. Einnig gerði hún athugasemdir varðandi það að aðeins úthlutunarreglur Menntunarsjóðs skuli vera teknar fyrir á þinginu, ekki væri nein umræða um úthlutunarreglur Styrktarsjóðs.

Gréta tók til máls. Sagði að vilji nefndarinnar væri að bera þessar úthlutunarreglur undir þingheim þó strangt til tekið væri þess ekki þörf. Þarna væru um miklar fjárhæðir að ræða og gott fyrir þing að fá kynningu og útlistun á þessu auk þess sem hagnýtar umræður hafi skapast um þetta.

Gréta sagði jafnframt að blogg hugmyndin væri bara í skoðun og væri hugsuð sem vettvangur skoðanaskipta félaga er tengdist SÍB. Þá lýsti hún ánægju sinni með hugmyndir um að senda upplýsingar til félaga.

Friðbert tók til máls og sagði að ástæðan fyrir því að úthlutunarreglur Menntunarsjóðs væru kynntar á þinginu væri vegna ágreinings sem hefði verið um þær. Greindi hann jafnframt frá því að ekki hefði verið staðið við ákvæði um að kynna breytingar á úthlutunarreglum Styrktarsjóðs og Menntunarsjóðs fyrir formannafundi.

43. þing samþykkir starfsreglur Menntunarsjóðs með áorðnum breytingum:

Starfsreglur Menntunarsjóðs SÍB

1. gr.

Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Menntunarsjóður SÍB.

Sjóðurinn var stofnaður samkvæmt ákvörðun þings SÍB 2001.

Sjóðurinn er í vörslu Sambands íslenskra bankamanna (hér eftir SÍB). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Verkefni sjóðsins

Markmið Menntunarsjóðs SÍB er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum með því m.a. að endurgreiða námskostnað að hluta eða í heild.

Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun. Einnig við nám/námskeið sem nýtist í starfi og/eða til félagsstarfa að mati stjórnar.

3. gr.

Réttur til styrkja

Rétt til að sækja um styrki til sjóðsins eiga:

Fullgildir félagsmenn SÍB skv. samþykktum SÍB.

Atvinnulausir félagsmenn SÍB sem hafa verið samfelld félagsmenn í 3 ár geta sótt um styrki vegna náms sem þeir stunda í allt að 2 ár eftir starfslok enda hafi þeir ekki verið í launuðu starfi á tímabilinu.

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauðsynlegum gögnum er tryggja réttmæti greiðslna.

Réttur til greiðslu úr sjóðnum fyrir á 12 mánuðum eftir námslok.

4. gr.

Stjórn og rekstur

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og eru tveir kosnir á þingi SÍB og einn skipaður af stjórn SÍB. Jafnframt skal þing SÍB kjósa tvo varamenn. Kjörtímabilið er sama og til stjórnar SÍB. Stjórnin skal rita gerðarbók og rita allar samþykktir sínar í hana. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SÍB og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SÍB.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.

Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SÍB.

Ekki er greidd þóknun fyrir stjórnarsetu í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Tekjur og ávöxtun eigna

Tekjur sjóðsins eru:

Að minnsta kosti 25.000.000 kr á ári (2007) og hækka í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs ár hvert.

Vaxtatekjur og önnur framlög og styrkir.

Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum, skráðum verðbréfum og bankainnstæðum.

Sjóðnum er óheimilt að kaupa fasteignir og taka eða veita lán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum SÍB og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Hann skal lagður fram samhliða reikningum SÍB.

7. gr.

Slit sjóðsins

Nú er SÍB lagt niður án þess að önnur hliðstæð samtök komi í þess stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SÍB þegar það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr.

Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SÍB á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

Breytingar á starfsreglum

Starfsreglum þessum má aðeins breyta á þingi SÍB. Um breytingar á þeim gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum SÍB.

9. gr.

Nánari starfsreglur

Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. samþykktum þessum, sem samþykktar skulu af

stjórn SÍB og formannafundi.

10. gr.

Gildistaka

Starfsreglur þessar öðlast þegar gildi.

Samþykkt svo á 43.þingi SÍB 2007.

43. þing SÍB beinir til stjórnar menntunarsjóðs að úthlutunarreglur sjóðsins verði með þeim hætti sem fram kemur í eftirfarandi:

Úthlutunarreglur Menntunarsjóðs SÍB

1. Umsóknir um styrki skulu hafa borist fyrir 15. janúar vegna náms sem lokið er á haustmíssi og 15. júní vegna náms sem lokið er á vormíssi. Ef nám er stundað á sumarmíssi skal sótt um styrk vegna þess fyrir 15. janúar og er umsókn um styrk vegna sumarnáms afgreidd sérstaklega samhliða umsóknum vegna haustmíssis.

2. Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun. Einnig við námskeið í námstækni, og námskeið sem nýtist til félagsstarfa að mati stjórnar.

Hægt er að sækja um styrki vegna náms eða hluta náms sem félagsmenn hafa lokið samhliða starfi undanfarna 12 mánuði.

Einungis eru veittir styrkir vegna námsgjalda en ekki vegna annars kostnaðar sem til fellur við námið s.s. bókakostnaðar eða ferðakostnaðar.

3. Meginviðfangsefni sjóðsins er að veita styrki til greiðslu skólagjalda vegna náms sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- er stundað samhliða starfi í fjármálafyrirtækjum
- sem veitir fullgildar námseiningar á framhaldsskóla- eða háskólastigi.

4. Tungumálanám sem ekki er einingametið skv ofangreindu getur mest fengið styrk sem nemur helmingi skólagjalda en þó eigi hærra upphæð en sem nemur 1/5 af hámarksupphæð styrks pr míssi.

5. Félagsmenn sem taka sér launalaust leyfi frá störfum en snúa til baka til starfa að loknu námi í allt að 12 mánuði, hafa eftir tveggja mánaða starf og fastráðningu að loknu námi sama aðgang að styrkjum úr sjóðnum og þeir félagsmenn sem stunda nám samhliða starfi enda hafi þeir amk. þriggja ára samfellda starfsreynslu skv kjarasamningi SÍB við upphaf náms, sýni gilda námsframvindu á tímabilinu og sæki um styrk þegar þeir eru fastráðnir til starfa aftur hjá fyrirtæki sem er aðili að kjarasamningi SÍB. Ákvæði þetta gildir einu sinni fyrir hvern einstakling.

6. Stjórn sjóðsins er heimilt að hafna umsókn um styrk sé tilgangur hennar andstæður markmiðum eða tilgangi sjóðsins.

7. Fullgild umsókn í Menntunarsjóð SÍB samanstendur af:

- skilmerkilega útfylltu umsóknareyðublaði eins og það er hverju sinni á vef SÍB, og sem skilað er innan tilskilins frests til skrifstofu SÍB.
- frumriti greiðslukvittunar vegna námsgjalda
- staðfestingu á námi sem lokið er í hverjum áfanga.

Í þeim tilfellum sem fylgigögn (s.s. námsvottorð/einkunnir) eru ekki tilbúin við sendingu umsóknar skulu þau hafa borist skrifstofu SÍB innan þriggja vikna frá lokum umsóknarfrests, ella fellur úthlutun niður.

8. Umsóknir eru skoðaðar og afgreiddar tvisvar á ári, 15. janúar og 15. júní.

Hámarksfjárhæð hvers styrks pr misseri er allt að kr. 250.000- og tekur

vísitölubreytingum ef fjárhagur sjóðsins leyfir slíkt að mati stjórnar.

Ef skerða þarf styrki sjóðsins vegna fjárhagsstöðu þá hefur stjórn heimild til að lækka hámarksfjárhæð.

Samþykkt á 43. þingi SÍB apríl 2007.

43. þing SÍB beinir því til stjórnar að leitað verði leiða til að efla trúnaðarmenn í starfi og hvetja þá til virkrar þátttöku í starfi fyrir SÍB. Einnig að amk einu sinni á starfstíma hverrar stjórnar verði trúnaðarmannanámskeið 4 haldið sem stór fundur fyrir alla trúnaðarmenn SÍB

43. þing SÍB hvetur stjórn SÍB til að halda áfram að leita eftir samstarfi við skóla og fræðslustofnanir til að efla frekar námsframboð fyrir félagsmenn og einnig að leitað verði leiða til að nýta áfram reynslu af raunfærni verkefni

43. þing SÍB samþykkir að beina því til aðildarfyrirtækja að efla frekar nýliðafræðslu þannig að félagsmenn sem eru að hefja störf hafi fengið öflugan þjálfun áður en þeir takast á við þjónustu við viðskiptavinum

43. þing SÍB beinir því til stjórnar að SÍB blaðið verði gefið út amk 2 – 4 blöð á ári. Áfram verði leitað leiða til að nýta blaðið til frekari kynningar innan sem utan félags.

43. þing SÍB beinir því til stjórnar að í næstu viðhorfskönnun sem SÍB framkvæmir verði sérstaklega leitað eftir skoðunum félagsmanna á útgáfu SÍB blaðsins og hvernig henni skuli háttað.

43. þing SÍB lýsir ánægu með þátttöku í Framadögum vor 2007. Áfram verði leitað leiða til að nýta sambærilegar kynningarleiðir sem gefast.

43. þing SÍB beinir því til stjórnar að skýrslu stjórnar sem lögð var fram á 43. þingi verði dreift til allra trúnaðarmanna þannig að hún geti verið aðgengileg félagsmönnum á vinnustöðum

43. þing SÍB beinir því til stjórnar að leitað verði leiða til að kynna félagið meira til núverandi og nýrra félagsmanna.

43. Þing SÍB beinir því til stjórnar að efla frekar vinnu við heimasíðuna og skoða hvort nýta má aðrar rafrænar kynningarleiðir s.s. blogg.

Þingforseti bar upp tillögur nefndarinnar um breytingar á starfsreglum. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti bar upp tillögur nefndarinnar um breytingar um úthlutunarreglur. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti bar upp tillögur nefndarinnar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ræða framkvæmdastjóra NFU

Jan Erik Lidström framkvæmdastjóri NFU kom eftir aðkvæðagreiðslur upp í púlt og hélt stutta tölu kl. 12.07 og þakkaði hann innilega fyrir gott samstarf við SÍB í gegnum tíðina og lagði áherslu á enn öflugra samstarf í framtíðinni.

Þingforseti gerði matarhlé kl. 12.15.

Þinghald hófst að nýju 13.31.

Tillögur frá Jafnræðisnefnd:

Linda B. Halldórsdóttir kynnti tillögur frá nefndinni og fór yfir það sem búið var að leggja fram fyrir þingið og þær breytingar sem hafa orðið á síðari nefndarfundum:

43. Þing SÍB leggur til að stjórn SÍB stofni nefnd sem vinnur að jafnræðismálum svo þeim séu sinnt vel. Meginhlutverk nefndarinnar er að fylgjast með að jafnræðismálum sé fylgt eftir meðal fyrirtækjanna. Að jafnræðis sé gætt, jöfn tækifæri til starfsþróunar, menntunar, launa óháð búsetu, kyns, kynþátta kynhneigðar eða aldurs. Einnig sé hún stuðningur við jafnræðisnefndir innan fyrirtækjanna.

43. Þing SÍB hvetur fyrirtækin til að sækja sér vottun um jafnlaunastefnu fyrirtækja.

43. Þing SÍB vill að stjórn SÍB leggi áherslu á við félagsmenn að launaleynd ríkir ekki samkvæmt kjarasamningi, laun félagsmanna eru einkamál en ekki trúnaðarmál.

43. Þing SÍB leggur til að stjórn SÍB bjóði félagsmönnum upp á samtöl við námsráðgjafa eða svara fyrirspurnum á namsradgjof@sib.is.

Þingforseti opnaði fyrir umræðu.

Hjördís Björnsdóttir Sf SPRON kom með ábendingu. Að á eftir orðinu “...kynþátta” komi “...kynhneigðar”.

Gréta Kjartansdóttir sf SPRON lagði fram spurningu: Það var til jafnræðisnefnd áður, hver væri staða hennar?

Anna Karen Hauksdóttir sf Glitnir svaraði því til að sú nefnd sem hefði verið í gangi núna væri minni og markvissari og er henni ætlað að taka við af eldri nefndinni.

Þingforseti bar upp tillögur nefndarinnar. Tillögur voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Tillögur allsherjarnefndar:

Anna Karen Hauksdóttir kynnti tillögur frá nefndinni og fór yfir það sem búið var að leggja fram fyrir þingið. 3 atriði voru lögð fram;

43. þing SÍB haldið á Selfossi 16.–18. apríl 2007 leggur áherslu á að stjórn SÍB starfi í samræmi við stefnumótun og leggi fyrir aðgerðaáætlun í tengslum við hana fyrir næsta formannafund. Þingið hvetur stjórnina til að:

-auka markaðssetningu vegna breyttra aðstæðna, bæta kynningu við félagsmenn og nálgun við nýliðun og félagaöflun. Vinna að því að gera SÍB vænlegasta kost fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja.

-Vera vel vakandi fyrir nýjum fjármálafyrirtækjum á íslenskum vinnumarkaði og vinna ötullega að því að kynna SÍB fyrir starfsmönnum og forsvarsmönnum þessara fyrirtækja.

-Tryggja að nýráðnir starfsmenn verði upplýstir um kosti SÍB strax við upphaf vinnusambands.

-Finna viðeigandi lausn í starfsmannamálum skrifstofu með tilliti til aukinna verkefna.

43. þing SÍB haldið á Selfossi 16.–18.apríl 2007 hvetur stjórn SÍB til að styrkja tengsl sín við forsvarsmenn fjármálafyrirtækja. Þingið ályktar að stjórn SÍB eigi að beita sér fyrir því að þeir séu vel upplýstir um kosti SÍB og eigi í góðu samstarfi við félagið.

43. þing SÍB haldið á Selfossi 16.– 18. apríl 2007 leggur til að stjórn SÍB endurskoði núverandi tillögur um gildi félagsins. Þingið leggur til að gildin verði, “Traust – Þekking – Metnaður”.

Þingforseti opnaði fyrir umræður:

Sigrún Jóhannesdóttir sf Icebank og SÍSP kom með fyrirspurn varðandi tengsl SÍB við forsvarsmenn fjármálafyrirtækja þar sem mikil áhersla væri lögð á að efla þau. Hún spurði hver staðan væri?

Anna Karen svaraði því til að allt gott gæti verið betra, góð tengsl væri á milli þeirra en alveg eins og halda þarf stöðugum og góðum tengslum við féлага þá gildi það líka um þessi tengsl.

Þingforseti bar upp tillögur nefndarinnar í hverja fyrir sig.

Fyrsta tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu var á móti.

Önnur tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þriðja tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema fjórum sem voru á móti.

Tillögur kjaranefndar:

Friðbert Traustason kynnti tillögur frá nefndinni og fór yfir það sem búið var að leggja fram fyrir þingið og hafði bæst við á nefndarfundum síðan:

43. þing SÍB haldið á Selfossi 16. – 18. apríl 2007 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninganefndar SÍB að samið verði um eina launatöflu sem byggir á núverandi B töflu í kjarasamningi. Launabil milli flokka verði 4%. Jafnframt verði lögð áhersla á að fá inn orlofs- og desemberuppbót.

43. þing SÍB haldið á Selfossi 16 – 18. apríl 2007 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninganefndar SÍB að starfsaldurshækkunum skv. launatöflu verði breytt á þann veg að hækkanir komi fram fyrir á starfsævinni.

43. þing SÍB haldið á Selfossi 16. – 18. apríl 2007 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninganefndar SÍB fella út grein 1.6 í kjarasamningi.

43. þing SÍB haldið á Selfossi 16. – 18. apríl 2007 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninganefndar SÍB að lágmarkslaun fastráðinni starfsmanna verði í lok samningstímabils kr. 250.000.

43. þing SÍB haldið á Selfossi 16. – 18. apríl 2007 skorar á aðila að samkomulagi um kjarasamninga SÍB að vera með eigin samninganefnd í stað þess að framvísa samningsumboði til Samtaka atvinnulífsins.

43. þing SÍB haldið á Selfossi 16. – 18. apríl 2007 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninganefndar SÍB að grein 4.1.2 verði breytt þannig að eftir 30 ára lífaldur eða 5 ára starfsaldur fái 27 daga orlof og eftir 40 ára lífaldur eða 10 ára starfsaldur fái 30 daga orlof.

43. þing SÍB haldið á Selfossi 16. – 18. apríl 2007 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninganefndar SÍB að festa í kjarasamningi reikniregluna 2 á móti einum standi félagsmönnum til boða að taka unna yfirvinnu út í orlofsdögum. Gildi þá að fyrir hvern unninn yfirvinnutíma reiknist tvær klukkustundir í orlof.

43. þing SÍB haldið á Selfossi 16. – 18. apríl 2007 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninganefndar SÍB að tryggja félagsmönnum rétt til vetrarorlofs.

43. þing SÍB haldið á Selfossi 16. – 18. apríl 2007 beinir þeim tilmælum til stjórnar SÍB að hlutast til um að samstarf verði tekið upp með aðilum að kjarasamningi SÍB hvað varðar aðstoð við langveika félagsmenn sem fyrst í veikindaferli viðkomandi.

Heiðrún Hauksdóttir sf Byr gerði athugasemd við fjórðu síðustu greinina. Texta sem datt út var bætt við samstundis.

Brynjar Már Brynjarsson sf Glitnir gerði athugasemd við 4 tillögu. Þar væri talað um að krafist yrði 250.000 króna lágmarkslauna. Væri sú tillaga á kostnað þeirra sem hafa hærri laun? Er verið að selja laun þeirra til þeirra lægri launuðu?

Friðbert svaraði því til að á síðasta þingi hafi svona tillaga ekki verið samþykkt af þinginu. Hér sé verið að beina því til samninganefndar að hún hafi heimild til að taka hluta af heildarútkomu næstu samninga og nota það til handa þeim lægst launuðu.

Brynjar Már áréttaði spurninguna og Friðbert svarar því að þetta sé í 4 skipti í röð sem tekið yrði tillit til launa þeirra lægst launuðu. Fækkað hafi í þessum hópi undanfarið og því sé um minni hluta en áður sem verja þurfi til þessa markmiðs.

Brynjar Már lagði til að greidd yrðu sérstaklega atkvæði út af þessari tillögu.

Anna Karen Hauksdóttir sf Glitnir sagði að Brynjar Már hafi komið með réttmæta athugasemd í ljósi þess að SÍB einbeiti sér að því að ná til unga fólksins en það þurfi líka að hugsa um eldri starfsmenn.

Sigurjón Gunnarsson FSLÍ benti á það að skv. launakönnunni hafi laun þeirra sem hærri laun hafa, hækkað meira en hinna lægst launuðu þrátt fyrir að sérstaklega hafi verið tekið tillit til þeirra í samningum.

Sigurður Albert Ármannsson SÍB benti á urg þeirra þingfulltrúa sem væru á móti þessu og spurði hvort að það sé gott fyrir SÍB að auglýsa þetta um leið og verið sé að “selja” sambandið til nýrra og yngri félaga. Hvort ekki þurfi að stíga varlega til jarðar um þetta mál þegar litið er til þeirra áhrifa sem þau geti skapað út á við.

Linda B. Halldórsdóttir FSLÍ sagði að mikið menntað starfsfólk og þar af leiðandi hátt launað geti skekkt launatölur og það þurfi að taka tillit.

Sigrún Jóhannesdóttir sf Icebank og SÍSP spurði hversu mikið hlutfall færi í markaðslaun umfram kjarasamninga?

Friðbert sagði að um 500 - 700 manns væru undir þessu marki (250.000 kr.) miðað við launatöflu B. Nefndin væri sammála um það að enn væri nauðsynlegt að gera bragarbót í launum þeirra lægst launuðu. Sumir sérfræðingar séu á árangurstengdum launum en langflestir á föstum launum sem eiga að greiða fyrir alla þeirra vinnu og þeir fá hækkanir í samræmi við samninga.

Helga Jónsdóttir FSLÍ bar fram tillögu um að þessi tillaga yrði felld út úr tillögum kjaranefndar en dró hana aftur tilbaka eftir athugasemdir Brynjars Márs sem vildi láta þingið kjósa um hana.

Kjartan Sigurgeirsson SRB nefndi að hálaunastétt sérfræðinga myndi springa ef að þeir fengju ekki samningstengda hækkun launa þrátt fyrir vera með árangurstengd laun.

Þingforseti bar upp að tillaga kjaranefndar um 250.000 króna lágmarkslaun verði látin standa inni.

Samþykkt með 34 atkvæðum gegn 22 atkvæðum.

Þingforseti bar upp aðrar tillögur kjaranefndar.

Samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Gert var 7 mínútna fundarhlé .

Tillögur fjárhagsnefndar:

Björn Tryggvason gjaldkeri SÍB kynnti tillögur frá nefndinni og fór yfir það sem búið var að leggja fram fyrir þingið auk þess sem breyst hafði í framhaldi vinnu nefndarinnar. Breytingar höfðu orðið á þá vegu að ákveðið hafi verið að hafa 11 manna stjórn í stað fyrri tillagna um 9 manns og því breyttist kostnaður við laun stjórnarmanna en skipting þeirra héldist óbreytt miðað við upphaflegar tillögur. Breytingar á launum og tengdum gjöldum í útgjaldalið tillagna nefndarinnar væru í samræmi við fjölgun stjórnarmanna í 11 manns.

Tillögur fjárhagsnefndar að fjárhagsáætlun 2007 – 2010:

	Áætl.		Raun	Áætlun			
	2006	%	2006	2007	2008	2009	2010
Laun og tengd gjöld	22.112	16	25.687	30.100	33.000	34.000	35.000
Fræðslustarf	9.900	35	13.326	15.000	17.000	18.000	19.000
Erlent samstarf	4.100	11	4.546	5.500	5.700	6.000	6.200
Útgáfu- og kynningarstarfss.	2.200	-18	1.795	2.500	7.000	7.000	7.000
Kannanir	1500	-53	698	5.000	7.000	7.000	7.000
Þing SÍB	0		0	7.000	0	0	8000
Aðkeypt vinna/ 4. starfsmaður				5.000	10.000	10.300	10.600
Afmæli SÍB	4.000	-60	1.599				6.000
Rekstur fasteign.	1.522	34	2.041	2.200	2.300	2.400	2.500
Viðhald v/tölvum.	1.500	22	1.837	1.600	1.700	1.800	2.000
Lögfræðikostn.	1500	-56	659	1.500	1.500	1.500	1.500
Endurskoðun	630	24	780	830	880	920	950
Rekstur skrifstofu	5.300	23	6.544	6.700	7.000	7.300	7.500
Kjarasamningar	0		467		2.000		
Menntunarsjóður	11.970	31	15.731	28.000	32.000	35.000	38.000
Vinnudeilusjóður	22.856	38	31.611	32.000	16.500	17.000	17.500
Afskriftir	1.200	37	1.639	1.700	1.800	1.900	2.000
Gjöld	90.290	21	108.960	144.630	145.380	150.120	170.750
Árgjöld	55.751	45	80.650	83.000	103.000	107.000	110.000
Fræðsluframlag	11.970	67	20.000	21.300	22.000	23.000	24.000
Leigutekjur	446	1	450	460	470	480	490
Vinnudeilusjóður	22.856	38	31.611	32.000	16.500	17.000	17.500
Aðrar tekjur	0		1.424	0	0	0	0
Tekjur	91.023	47	134.135	136.760	141.970	147.480	151.990
Hagnaður/tap	733	3.335	25.175	-7.870	-3.410	-2.640	-18.760

Fjármagnstekjur	2.350	181	6.612	4.000	4.000	4.000	4.000
H/T með fjármunatekjum	3.083	931	31.787	-3.870	590	1.360	-14.760
Veltufjármunir (lausafé)			91.936	88.066	88.656	90.016	75.256

Tillaga fjárhagsnefndar um stjórnarlaun:

Stjórnarlaun			
	Grunnur	Hlutfall 1	Laun
Formaður 1	393.090	0,50	196.545
1. varaform2	393.090	0,25	98.273
2. varaform3	393.093	0,25	98.273
Gjaldkeri 4	393.090	0,15	58.964
Ritari 5	393.090	0,15	58.964
Meðstjórnendur 6	393.090	0,10	39.309
7	393.090	0,10	39.309
8	393.090	0,10	39.309
9	393.090	0,10	39.309
10	393.090	0,10	39.309
11	393.090	0,10	39.309
		1,90	746.872
			13
			9.709.334
Launatengd gjöld			1,20
	Hækkun		96%
Kostn á ári			11.651.201

Þingforseti bar fyrst upp tillögu um laun stjórnarmanna.
Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti bar upp aðrar tillögur kjaranefndar um fjárhagsáætlun.
Samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti kynnti Orðasafn SÍB sem öllum þingfulltrúum hafði verið afhent sem og borðfána SÍB.

11. KOSNING STJÓRNAR SÍB 2007 - 2010

Borist höfðu 2 framboð til formanns, Friðbert Traustason núverandi formaður og Björn Tryggvason gjaldkeri SÍB gáfu báðir kost á sér í formannsembættið. Heiðrún Hauksdóttir formaður uppstillingarnefndar spurði hvort framkvæma þyrfti nafnakall áður en atkvæðaseðlum yrði dreift. Þingforseti kvað þess ekki þörf en bað alla sem ekki höfðu atkvæðisrétt að víkja til hliðar í þingsal. Atkvæðaseðlum var síðan dreift og þingfélagar kusu.

Talning fór fram og 62 greiddu atkvæði. Niðurstaðan var:

Friðbert Traustason fékk 52 atkvæði.
Björn Tryggvason fékk 10 atkvæði.

Friðbert Traustason var því réttkjörinn formaður SÍB næstu 3 árin.

Þá voru borin upp þau nöfn sem uppstillingarnefnd gerði tillögu um að yrðu kosnir varaformenn og meðstjórnendur:

Anna Karen Hauksdóttir var sjálfkjörin 1. varaformaður SÍB.
Linda Björk Halldórsdóttir var sjálfkjörin 2. varaformaður SÍB.

8 meðstjórnendur voru sjálfkjörnir:

Andrés Erlingsson
Anna Kristín Björnsdóttir
Dagmar Björnsdóttir
Hafdís Hansdóttir
Heiðrún Hauksdóttir
Kjartan Sigurgeirsson
Oddur Sigurðsson
Sylvía Guðmundsdóttir

Stjórn Vinnudeilusjóðs var sjálfkjörin skv. tillögu uppstillingarnefndar:
Bárður Helgason og Jón kr. Sveinsson.
Til vara: Helga B. Bragadóttir og Margrét Bragadóttir.

Stjórn Styrktarsjóðs var sjálfkjörin skv. tillögu uppstillingarnefndar:
Friðbert Traustason og Anna Karen Hauksdóttir.
Til vara: Anna Kristín Björnsdóttir og Andrés Erlingsson.

Stjórn Menntunarsjóðs var sjálfkjörin skv. tillögu uppstillingarnefndar:
Gréta Kjartansdóttir og Sigurjón Gunnarsson.
Til vara: Sigurlaug Friðriksdóttir og Oddur Sigurðsson.

Skoðunarmenn reikninga voru sjálfkjörnir skv. tillögu uppstillingarnefndar:
Helga Jónsdóttir og Gréta Kjartansdóttir.
Til vara: Anna Kjartansdóttir og Sigríður Einarsdóttir.

12. ÖNNUR MÁL

Þingforseti gaf orðið laust.

Björn Tryggvason fráfarandi gjaldkeri SÍB óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjörið.

Brynjar Már Brynjólfsson sf Glitnir óskaði SÍB til hamingju með þingið og taldi það að vera mjög öflugt. Hann hvatti öll aðildarfélögin til að hvetja unga fólkið til starfa innan raða SÍB.

Friðbert Traustason sagðist vera hrærður yfir þeim mikla stuðningi sem hann fékk í kosningunni. Það gæfi honum aukinn styrk til starfa. Gott væri að fá sterkan hóp nýrra andlita og yngra fólks. Þetta væri mjög öflugur hópur sem ætti eftir að styrkja starf SÍB mikið. Miðað við aldursamsetninguna innan hinna norrænu stéttarfélaganna þá værum við afar vel sett.

Sparisjóður Þingeyinga óskaði eftir inngöngu í SÍB á tímabilinu og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Síðan kvaddi Friðbert nokkra starfsmenn sem voru að láta af störfum:

Hann þakkaði Helgu Jónsdóttir fráfarandi 1. varaformanni kærlega fyrir samstarfið undanfarin 15 ár en hún lét af störfum innan SÍB eftir þetta þing og fékk hún stóran blómvönd og gjafabréf í kveðjugjöf.

Gréta Kjartansdóttir fráfarandi 2. varaformaður gaf ekki kost á sér til endurkjörs og þakkaði Friðbert henni fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina og fékk hún stóran blómvönd og gjafabréf í kveðjugjöf.

Björn Tryggvason lét af störfum sem gjaldkeri eftir 3 ára setu í stjórn og fékk hann stóran blómvönd og gjafabréf í kveðjugjöf.

Þorvaldur Egilsson, Oddgeir Gunnarsson og Guðrún Ólöf Sigmundsdóttir meðstjórnendur ákváðu öll að hætta störfum og kvaddi Friðbert þau með blómum, gjafabréf og þökkum.

Þingforsetarnir fengu brjóstbirtu í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf á þinginu sem og ritarnir. Síðan kvaddi Friðbert þau með virktum.

Helga Jónsdóttir og Gréta Kjartansdóttir báðu um orðið og ræddu um starfsmenn skrifstofunnar. Það væri mikið starf sem þau vinna og í þakklætisskyni fyrir það fengu þau Ármann Eydal Albertson, Sigurður Albert Ármannsson, Anna Finnbogadóttir og Friðbert Traustason öll blóm og gjafabréf í þakklætisskyni.

Formaður sleit þingi kl. 15:34.

Fylgiskjal 1

Samþykktir SÍB

I. Nafn og hlutverk

1. gr.

Nafn samtakanna er: SÍB, samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja. Heimili þess er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur SÍB er:

- a) Að gæta hagsmuna félagsmanna í hvívetna.
- b) Að hafa forystu í starfs- og kjaramálum félagsmanna og vinna að því að bæta og samræma kjör þeirra í samvinnu við aðildarfélögin.
- c) Að fara með fyrirvar félagsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir fyrir þeirra hönd skv. lögum, reglugerðum og öðrum fyrirætlum.
- d) Að vinna að því að auka alhliða menntun, þekkingu og starfshæfni félagsmanna í kjara- og félagsmálum og starfstengdum efnum með blaðaútgáfu, fræðsluerindum, námskeiðum, eða á hvern þann hátt, sem heppilegur er talinn á hverjum tíma.
- e) Að hafa samstarf við önnur launþegasamtök og koma fram fyrir hönd félagsmanna á innlendum og erlendum vettvangi.
- f) Að hafa yfirumsjón með sjóðum SÍB. Um sjóði þessa gilda nánari starfsreglur sem samþykktar skulu á þingi SÍB.

II. Aðild

3. gr.

Með fyrirtækjum er í samþykktum þessum átt við banka, spari-sjóði, önnur fjármálafyrirtæki og þjónustustofnanir þessara aðila.

Með félagsmönnum er í samþykktum þessum átt við alla sem rétt eiga til aðildar að SÍB skv. 4. gr.

4. gr.

Rétt til aðildar að SÍB hafa:

- a) Félög starfsmanna innan fyrirtækja. Ekki getur nema eitt félag við hvert fyrirtæki orðið aðili að SÍB. Félagsaðild er bundin við 12 manna félög eða stærri. Verði félagar aðildarfélags færri en 10, breytist aðild í einstaklingsaðild. Aðild félaga starfsmanna nær til allra félagsmanna sem eru í viðkomandi félagi og eru einnig félagsmenn SÍB á hverjum tíma, sbr. 5. gr.
- b) Einstaklingar sem starfa við fyrirtæki, þar sem ekki eru félög og einnig þeir einstaklingar sem kjósa að vera ekki í félögum starfsmanna sbr. a) lið.
- c) Starfsmenn skrifstofu SÍB.

5. gr.

Aðalfélagar að SÍB eru allir þeir sem 4. gr. nær til aðrir en þeir sem ráðnir eru til sumarafleysinga eða annarra afleysingastarfa, sem ætlað er að standi skemur en 4 mánuði.

Þeir sem ekki eru aðalfélagar hafa ekki kosningarétt og kjörgengi skv. samþykktum þessum eða gildandi samkomulagi um kjarasamninga SÍB.

6. gr.

Félög sem eru aðilar að SÍB skulu starfa samkvæmt samþykktum sem ekki brjóta í bága við grundvallaratriði í samþykktum SÍB.

Umsókn félags um aðild að SÍB fylgi eftirtalin gögn:

- a) Eintak af samþykktum félagsins.
- b) Félagsmannatal þeirra, sem jafnframt eru félagsmenn SÍB.
- c) Nöfn stjórnarmanna og varastjórnar, svo og aðrar þær upplýsingar, sem stjórn SÍB óskar eftir. Stjórn SÍB tekur ákvörðun um inntöku nýrra félaga, en leita skal staðfestingar næsta þings SÍB.

Vilji einstaklingur, sem starfar hjá fyrirtæki þar sem ekki er félag starfsmanna, ganga í SÍB, skal hann senda skriflega umsókn þar um til SÍB.

7. gr.

Stjórnin getur vikið aðila (einstaklingi eða félagi) úr sambandinu, ef hann brýtur samþykktir þess. Til brottvikningar þarf samþykki 8 stjórnarmanna af 11. Ákvörðun um brottvikningu skal tilkynna viðkomandi í ábyrgðarbréfi þar sem tilgreina skal ástæðu fyrir henni og hvenær hún taki gildi. Ákvörðun um brottvikningu skal leggja fyrir næsta þing SÍB til fullnaðarákvörðunar. Til staðfestu brottvikningar þarf 3/5 greiddra atkvæða.

Aðili, sem vikið hefur verið úr SÍB, á enga kröfu á hendur því né neitt tilkall til sjóða þess eða annarra eigna.

8. gr.

Aðila, sem vikið hefur verið úr SÍB, má taka inn að nýju, enda sé fullnægt þeim skilyrðum, sem stjórn þess eða þing SÍB telur nauðsyn að setja hverju sinni.

9. gr.

Úrsögn félags úr sambandinu er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt á lögsmætum aðalfundi félags og þess getið í fundarboði að tillaga um úrsögn úr sambandinu liggi fyrir.

Gera skal stjórn SÍB viðvart um tillöguna með minnst 4 vikna fyrirvara.

Úrsögn tekur gildi að 4 mánuðum liðnum frá því að hún hlýtur samþykki og er viðkomandi félag gjaldskylt fyrir það tímabil. Félag sem segir sig úr SÍB á ekki tilkall til sjóða eða annarra eigna félagsins.

III. Réttindi og skyldur aðildarfélaga.

10. gr.

Félagsmenn er láta af starfi um stundarsakir vegna náms er varðar starf þeirra, glata ekki aðildarrétti sínum meðan á námi stendur.

11. gr.

SÍB skal halda skrá yfir alla félagsmenn sína. Á sama hátt haldi sambandið skrá yfir stjórnir aðildar-félaganna, fulltrúaráð og trúnaðarmenn á vinnustöðum.

12. gr.

Aðildarfélög skulu að loknum aðalfundi sínum senda skrifstofu sambandsins:

- a) Skýrslu stjórnar.
- b) Ályktanir og samþykktir um kjaramál og önnur stéttar-málefni.

13. gr.

Stjórnarmenn SÍB og framkvæmdastjóri eiga rétt til að sækja almenna félagsfundum aðildarfélaga, þegar sérstaklega er fjallað um málefni SÍB skv. auglýstri dagskrá og hafa þeir málfrelsi til jafns við aðra fundarmenn. Stjórn SÍB er skylt að senda fulltrúa á fundum aðildarfélaga eða félagsstjórna ef þess er óskað.

14. gr.

Ef stjórn SÍB, þing eða formannafundur telja nauðsyn bera til að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu er skylt að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram.

Kjörskrá við allsherjaratkvæðagreiðslu skal vera skrá yfir þá félagsmenn sem aðild eiga að SÍB.

IV. Fulltrúakjör

15. gr.

Aðildarfélögin hafa rétt og skyldu til að kjósa fulltrúa úr hópi félagsmanna SÍB til setu á þingum SÍB.

Fulltrúar á þingi SÍB skulu vera 65. Skulu þeir kosnir fyrir reglulegt þing, til þriggja ára, eigi síðar en í febrúarmánuði þingárs. Félögin kjósi varafulltrúa.

Stjórn SÍB ákveður skiptingu fulltrúa milli aðildarfélaga, þó þannig að fyrst fær hvert aðildarfélag einn fulltrúa og síðan fá aðildarfélögin fulltrúa í hlutfalli við uppgefna félagatölu SÍB-félaga 1. nóvember árið fyrir þingár, að frádraginni félagatölu fyrir 1 þingfulltrúa. (Heildarfélagatala aðildarfélaga SÍB deilt með fjölda þingsæta).

Kjörbréf staðfest með undirskrift formanns og ritara aðildarfélags skal afhenda skrifstofu SÍB fyrir 30. mars þingár.

V. Þing SÍB

16. gr.

Þing SÍB fer með æðsta vald í öllum málum og telst fullgilt sé til þess boðað í samræmi við samþykktir SÍB. Stjórn, varastjórn og starfsmenn SÍB eiga rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hafa ekki nema kjörnir fulltrúar.

Að auki er stjórn SÍB heimilt að bjóða gestum að sitja þingið sem áheyrnarfulltrúar.

17. gr.

Reglulegt þing skal halda þriðja hvert ár í apríl/maí.

Stjórn SÍB skal kalla saman aukaðing þegar henni þykir nauðsyn eða ef meirihluti félagsmanna í SÍB krefjast þess skriflega.

18. gr.

Þing SÍB skal boða með mánaðar fyrirvara. Aukaðing má boða með skemmst 5 daga fyrirvara.

19. gr.

Skýrslu stjórnar SÍB, endurskoðaða reikninga, sjálfstæðar tillögur eða mál, sem stjórnin eða aðildarfélög óska að leggja fyrir þing svo og dagskrá, skal senda þingfulltrúunum eigi síðar en 10 dögum fyrir þing.

Tillögur einstakra þingfulltrúa eða breytingartillögur við fyrrgreind mál skulu lagðar þannig fyrir á þinginu, að unnt sé að fjalla um þær í þeirri þingnefnd, sem málið tilheyrir.

20. gr.

Stjórn SÍB skal mánuði fyrir þingbyrjun skipa þrjá félagsmenn í kjörbréfanefnd til að rannsaka kjörbréf og skal hún skila álit á fyrsta þingfundi.

21. gr.

Dagskrá reglulegs þings skal vera m.a.:

1. Þingsetning.
2. Nafnakall fulltrúa.
3. Kjörbréf lögð fram til samþykktar.
4. Kosning starfsmanna þingsins.
 - a) Forseta og varaforseta.
 - b) Tveggja þingritara og tveggja til vara.Kosning fastanefnda þingsins.

1. Uppstillinganefnd (5)
2. Laganefnd, ef tillögur um breytingar á samþykktum liggja fyrir (5)
3. Fjárhagsnefnd - ótiltekið
4. Allsherjarnefnd - ótiltekið
5. Kjaranefnd - ótiltekið
6. Fræðslunefnd - ótiltekið
5. Lögð fram skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar. (sjá gr. 24)
6. Tillögur um breytingar á samþykktum kynntar.
7. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og vísað til nefnda.
8. Umræður og afgreiðsla nefndarálita.
9. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um gjald til SÍB næstu þrjú árin.
10. Kjör stjórnar, tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara auk annarra trúnaðarmanna.
11. Önnur mál.

22. gr.

Þingfundum skal stjórnað samkvæmt almennum þingsköpum. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

VI. Fjármál

23. gr.

Í upphafi reglulegs þings leggur stjórn SÍB fram fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár.

Fjárhagsár SÍB miðast við áramót.

Reikningsskil skulu gerð árlega, reikningar yfirfarnir og eignir kannaðar af skoðunarmönnum SÍB.

Reikningar SÍB og sjóða skulu lagðir fyrir reglulegan formannafund árlega til fullnaðar afgreiðslu.

24. gr.

Hver félagsmaður SÍB greiði mánaðarlega félagsgjald til SÍB. Þing SÍB ákveður upphæð þessa gjalds að fengnum tillögum fjárhagsnefndar.

25. gr.

Kostnaður við þinghald og formannafundi greiðist af SÍB, þar með talin fargjöld fulltrúa búsettra utan Reykjavíkur og nágrennis.

VII. Stjórn SÍB

26. gr.

Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga. Stjórn skal kjósa bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagsmenn í SÍB.

Stjórnina skipa 11 menn og skal kjósa formann, 1. og 2. varaformann hvern fyrir sig, en síðan 8 meðstjórnendur í einu lagi. Stjórnin kys féhirði og ritara úr sínum hópi.

Ef einhver formanna lætur af störfum á kjörtímabilinu kys stjórnin 2. varaformann úr sínum hópi.

27. gr.

Stjórn SÍB stjórnar málefnum þess milli þinga. Stjórnin annast rekstur SÍB og hagar störfum sínum í samræmi við samþykktir þess.

28. gr.

Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að sinna ákveðnum verkefnum og skal þá að jafnaði einn stjórnar-manna vera í hverri nefnd. Einnig er stjórninni heimilt að skipa einstaka félagsmenn til að annast afmörkuð verkefni fyrir hennar hönd.

29. gr.

Formaður kallar saman stjórnarfundi. Ritari sér um ritun fundargerða á stjórnarfundum og undirritar þær með formanni. Féhirðir sér um fjárreiður SÍB og varðveislu sjóða. Hann hefur umsjón með gerð ársreikninga og skilum á þeim til endurskoðunar. (fært til gr. 24)

30. gr.

Stjórnarfundi skal kalla saman svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði vetrarmánuðina. Ennfremur ef tveir stjórnarmenn æskja þess og þá innan viku frá því að sú ósk berst formanni. Dagskrár sé getið með fundarboðum.

31. gr.

SÍB er aðili að norrænum Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja NFU og einnig alþjóðlegum samtökum starfsmanna við þjónustustörf UNI, og tekur þátt í störfum þeirra.

VIII. Ákvæði vegna laga um kjarasamninga

32. gr.

Eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir lok gildistíma kjara-samnings skal stjórn SÍB skipa a.m.k. sjö menn í samninganefnd SÍB: Formaður og varaformenn SÍB skulu vera sjálfkjörnir í samninganefnd. Þegar fjallað er um þýðingarmiklar ákvarðanir skal hafa náið samstarf við einstök aðildarfélag og boðar stjórn SÍB formenn félaganna til funda í því skyni.

33. gr.

Stjórn SÍB og samninganefnd er heimilt að skipa undir-nefndir til þess að starfa að einstökum verkefnum við undirbúning samninga og samningagerð.

34. gr.

Sameiginlegur fundur aðal- og varastjórnar SÍB og samninganefndar ásamt formönnum aðildarfélaga, tekur ákvörðun um uppsögn eða endurskoðun kjarasamninga.

Um boðun verkfalls skal fara fram atkvæðagreiðsla samkvæmt lögum nr. 80/1938.

Um framkvæmd slíkrar atkvæða-greiðslu skal fara eftir sömu reglum og gilda um atkvæða-greiðslu um kjarasamning.

35. gr.

Takist samkomulag um kjarasamning skal samninganefnd SÍB undirrita það með fyrirvara um endanlegt sam-þykki að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu. Niðurstaða allsherjaratkvæðagreiðslu er bindandi fyrir stjórn SÍB.

Allir aðalfélagar SÍB, sem eiga í kjaradeilu, hafa atkvæðisrétt.

Allsherjaratkvæðagreiðslu skal lokið innan þriggja vikna frá undirritun kjarasamnings. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.

Við breytingu á kjarasamningi á samningstímanum er ekki skylt að hafa allsherjaratkvæðagreiðslu.

36. gr.

Þriggja manna yfirkjörstjórn, er stjórn SÍB skipar, skal hafa yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna SÍB.

Yfirkjörstjórn staðfestir kjörskrá, sem gerð er eftir félagaskrá SÍB. Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörskrárdeilur.

Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið, skulu atkvæði og kjörgögn send til yfirkjörstjórnar og fer talning fram undir stjórn hennar.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um öll vafaatriði sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Úrskurður yfirkjörstjórnar er endanlegur.

IX. Formannafundir

37. gr.

Þegar stjórn SÍB telur þess þörf og eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári, skal kalla saman fund formanna allra aðildarfélaganna, eða varamanna þeirra. Auk formanna á stjórn SÍB, ásamt samninganefnd, sæti á þessum fundum.

38. gr.

Formannafundir hafa það hlutverk að fylgjast með störfum stjórnar SÍB, vera henni til ráðuneytis og styrkja tengslin milli aðildarfélaganna og stjórnar SÍB.

39. gr.

Formaður SÍB boðar til formannafunda. Einnig ef þrír formenn aðildarféлага æskja þess og skal þá boða til fundar innan viku frá því að sú ósk berst formanni SÍB. Stjórn SÍB er heimilt að setja nánari reglur um störf á formannafundum.

XI. Heiðursmerki

40. gr.

Heiðursmerki SÍB er merki SÍB úr gulli. Heiðursmerki má veita þeim aðilum, íslenskum eða erlendum sem unnið hafa gott starf í þágu félagsmanna SÍB.

Stjórn SÍB ákveður veitingu heiðursmerkja og skal ákvörðunin um það vera einróma samþykkt af stjórninni.

Skrifstofa SÍB skal færa sérstaka "gullbók" þar sem skráð eru nöfn og helstu æviatriði þeirra, er gullmerkið hljóta.

XII. Breytingar á samþykktum

41. gr.

Samþykktum SÍB er aðeins hægt að breyta á þingi SÍB og öðlast tillögur til breytinga því aðeins gildi að þær séu samþykktar með minnst 2/3 greiddra atkvæða. Tillögum til breytinga á samþykktum skal skilað til stjórnar SÍB í síðasta lagi tveim vikum áður en þing er sett og skulu þær liggja frammi á skrifstofu SÍB.

42. gr.

SÍB verður því aðeins slitið, að þing SÍB og aukaping, sem haldið sé innan tveggja mánaða frá lokum þings SÍB samþykki slitin með 2/3 greiddra atkvæða. Til aukapingsins fari fram nýtt fulltrúakjör í aðildarfélagunum.

Um eignir SÍB við slit þess fer eftir því sem meirihluti tveggja þinga SÍB ákveður.

43. gr.

Samþykktir þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir SÍB.

Samþykkt á aukapingi SÍB 19. apríl 1978

Samþykktum breytt á 35. þingi SÍB 1985,
á 36. þingi 10. apríl 1987,
á 37. þingi 12. apríl 1991,
á 38. þingi 26. apríl 1993,
á 39. þingi 24. mars 1995,
á 40. þingi SÍB 21. mars 1998 og

á 43. þingi SÍB 18. apríl 2007.